

# Lögmannablaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

4. TBL. 22. ÁRG. 2016



## HLUTVERK LÖGMANNA MEIRA EN AF ER LÁTID

VIÐTAL VIÐ RAGNAR AÐALSTEINSSON



Ragnar Jónasson.



Ragnar Aðalsteinsson.

- |  |  |  |
|--|--|--|
| <p>4 ÞYRÍ STEINGRÍMSDÓTTIR<br/>Leiðari</p> <p>6 REIMAR PÉTURSSON<br/>Mikilvægi lýðræðisins</p> <p>8 VALGEIR ÞÓR ÞORVALDSSON<br/>Ekki tvívegis fyrir það sama</p> <p>11 INGIMAR INGASON<br/>Færri útskrifast af hdl. námskeiði</p> <p>12 Hlutverk lögmanna meira en af er látið<br/>VIÐTAL VIÐ RAGNAR AÐALSTEINSSON</p> | <p>20 HEIÐAR ÁSBERG ATLASON<br/>Agi í hernum</p> <p>22 ELFUR LOGADÓTTIR<br/>Kallað eftir breytingum</p> <p>24 Íslenskur lögmaður á Lesbos<br/>VIÐTAL VIÐ HREFNU DÖGG<br/>GUNNARSDÓTTUR</p> <p>28 RAGNAR JÓNASSON<br/>Andartak við sjóinn - smásaga</p> <p>32 TÓMAS JÓNSSON<br/>Framkvæmdastjóra ISNIC svarað</p> | <p>34 FLOSI H. SIGURÐSSON<br/>Sitja allir við sama borð?</p> <p>36 TRYGGVI GUNNARSSON<br/>Starfsmannaskipti</p> <p>37 VALGEIR ÞÓR ÞORVALDSSON<br/>Notkun kviðdóms í bandarísku réttarkerfi</p> |
|--|--|--|

**Lögmannafélag Íslands**  
Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057  
Netfang: [lmfi@lmfi.is](mailto:lmfi@lmfi.is)  
Heimasíða: [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**  
Þyri Steingrimsdóttir hdl.

**Ritnefnd:**  
Eva Halldórsdóttir hdl.  
Guðríður Lára Þrastardóttir hdl.  
Haukur Örn Birgisson hrl.  
Ingvi Snær Einarsson hdl.

**Blaðamaður:**  
Eyrún Ingadóttir

**Stjórn LMFÍ:**  
Reimar Pétursson hrl., formaður  
Berglind Svavarsdóttir hrl., varaformaður  
Arnar Þór Stefánsson hrl., ritari  
Þórdís Bjarnadóttir hrl., gjaldkeri  
Árni Þór Þorbjörnsson hdl., meðstjórnandi

**Starfsmenn LMFÍ:**  
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri  
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur  
Valgeir Þór Þorvaldsson lögfræðingur  
Eyrún Ingadóttir félagsdeild  
Hjördís J. Hjaltadóttir ritari  
Dóra Berglind Torfadóttir bókarí

**Forsíðumynd:**  
Ljósmyndari: M. Flóvent

**NETFANG RITSTJÓRA:**  
[thyri@lr.is](mailto:thyri@lr.is)

**PRENTVINNSLA:**  
Litlaprent ehf.

**UMSJÓN AUGLÝSINGA:**  
Öflun ehf.  
Sími 530 0800  
ISSN 1670-2689





*Platinum Edition*

\***Ríkulegur búnaður:** 8 girja sjálfskipting með skiptingu í stýri, Porsche ferðahleðslustöð leðurinnrétting með Alcantara áklæði í miðju sæta, upplýstir silsalistar, rafdrifinn GTS sportsæti, hiti í framsætum, Porsche merki greipt í höfuðpúða, sjálfvirk birtustilling spegla, stillanleg fjöðrun (PASM), Bi-Xenon ljós, 20" RS Spider Platinum felgur, felgumíður með Porsche logo í lit, BOSE® 665 watta hjóðkerfi, skjár, PCM, leiðsögukerfi með Íslandskorti, Porsche Connect Plus, Privacy glass (litað gler), tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafdrifinn afturhleri, samlitir brettakantar, ytra birði með háglans svörtum útlitspakka, skriðstillir (Cruise Control) o.m.fl.

## Nýr rafmagns Porsche - Platinum Edition!

Porsche hefur hlotið titilinn besta bilamerkið (Corporate Brand) í Evrópu í flokki sportbílaframleiðenda. Að baki því liggur sú frumkvöðlamening sem er rótgróin hjá verkfræðingum Porsche. Á síðustu árum hefur þróun á Plug-In E-Hybrid vélum hjá Porsche vakið heimsathygli og lausnir þeirra skipað þeim í fremstu röð á þessu sviði. Nú hefur Cayenne S E-Hybrid, Platinum Edition, litið dagsins ljós í nýrri rafmagns útgáfu og ber hann orðstír Porsche fagurt vitni. Hann er bókstaflega hlaðinn búnaði og býðst á sérlega hagstæðu verði.

### Porsche Cayenne S E-Hybrid Platinum Edition

**Verð: 11.950 þús. kr.\***

Verið velkomin í reynsluakstur.

Porsche Cayenne S E-Hybrid  
416 hestöfl | 590Nm tog  
Hröðun 5.9 sek. 0-100 km/klst.



**PORSCHE**

# DÓMARA- SKANDALL?

ÞYRÍ STEINGRÍMSDÓTTIR HRL.  
RITSTJÓRI



Nefnd um dómarastörf hefur verið í brennidepli að undanfögnu. Sú nefnd starfar á grundvelli IV. kafla dómstólalaga nr. 15/1998. Einnhverra breytinga er að vænta í nýjum dómstólalögum sem taka eiga gildi nú um áramótin, en þær breytingar eru ekki stórvægilegar. Eins og kunnugt er skal nefndin setja almennar reglur um aukastörf og um eignir dómara í félögum. Nefndin hefur einnig heimild til að banna dómara að gegna aukastarfi eða eiga hlut í félagi og segir í dómstólalögum að dómara beri að hlíta slíku banni en geti þó borið réttmæti þess undir dómstóla. Jafnframt á nefndin að taka við og leysa úr með skriflegu álit kvörtunum frá einstaklingum sem telja að dómari hafi gert á þeirra hlut með störfum sínum. Þá getur nefndin veitt dómara áminningu á grundvelli erindis frá dómstjóra hafi dómari sýnt af sér vanrækslu í starfi eða telji dómstjóri að framferði dómara utan starfs sé aðfinnsluvert. Nefndin hefur því heimildir til að taka afar íþyngjandi ákvarðanir um störf dómara, setu þeirra í embætti og einnig um æru þeirra.

Sú sem þetta ritar hefur enga vitneskju um hvaða reglur gilda um málsmeðferð hjá nefndinni, þrátt fyrir að hafa reynt að leita upplýsinga um það. Ekki liggur fyrir hvort þær reglur eru yfirhöfuð til eða hvar þær eru birtar ef svo er. Þá virðist engin leið að vita hvort og þá hvaða kvartanir hafi borist nefndinni, hvað hafi átt sér stað á fundum hennar, um hvað álit hennar hafi fjallað o.s.frv. Einnig virðist sem skráningu og vörslu gagna sé verulega ábótavant. Kannski eru þessar reglur til staðar, kannski ekki. Kannski eru gögn til staðar, kannski ekki.

Ef málefni og starfshættir nefndar um dómarastörf sem borin hafa verið á borð fyrir okkur að undanfögnu eru ekki einsdæmi þá hlýtur sú spurning að vakna hvort eftirlitskerfi stjórnáslunnar með dómstólum sé boðlegt. Svarið við því er augljóslega nei. Þetta er ekki boðlegt og allra síst gagnvart dómurum sem í flestum ef ekki öllum tilvikum er fólk sem

vant er að virðingu sinni, gætir að hæfi sínu, hefur góða dómgreind og leggur sig fram um að hlíta lögum og reglum, hvort sem það eru almennar reglur fyrir alla í samfélaginu eða reglur sem gilda um þá sérstaklega.

Því miður er þetta þó ekki einsdæmi. Stjórnáslan er í mörgum tilvikum undirmönnuð og undirfjármöggnuð og víða er pottur brotinn. Það virðist eiga jafnt við um þá stjórnáslu sem umkringir dómskerfið sem og aðra stjórnáslu. Einnhver hugrenningartengsl urðu hjá undirritaðri vegna umræðu undanfarið um hina títtnefndu nefnd um dómarastörf við Rannsóknarskýrslu Alþingis. Í Viðauka 1, bindi 8 er fjallað um siðferði og starfshætti í tengslum við fall íslensku bankanna. Þar er m.a. fjallað um það sem ekki verður kallað annað en alvarlega lausung þegar kom að eftirliti stjórnáslunnar og/eða ákvarðanatöku innan stjórnáslunnar varðandi málefni bankanna og efnahagsmála yfirleitt í aðdraganda hrunsins. Fram kemur orðrétt í niðurstöðukaflanum; *Efla þarf fagmennsku og stórbæta vinnubrögð innan stjórnáslunnar, svo sem með vandadri gagnafærslu og skýrari boðleiðum [...]. Verulega skortir á að gengið sé úr skugga um stöðu mála og að mikilvægar ákvarðanir séu vel undirbúnar og rökstuddar.* Illa er haldið utan um fundargögn og skráningu atburða.

Væntanlega eru allir sem vinna í stjórnáslunni eða sitja í nefndum að reyna að gera eins vel og þeir geta. En betur má ef duga skal. Oftar en ekki er viðkvæðið að það vanti starfsfólk og húsnæði, það vanti peninga, það vanti þjálfun og endurmenntun. Allar þessar ábendingar eru réttmætar. Það má vel benda á stjórnáslamenn og fjárlög og fjárveitingar, en hjá því verður ekki litið að það erum við sem löglærð erum sem berum uppi dómskerfið og stjórnásluna. Við höfum hlutverki að gegna. Við öll hljótum að geta tekið til okkar framangreind ummæli í rannsóknarskýrslunni og gert betur. Svo virðist sem ekki veiti af.





# Örugg eyðing gagna

Kæru ábyrgðarmenn trúnaðarskjala,

Við vitum að ykkur er annt um öryggi persónuupplýsinga og trúnaðarskjala. Við viljum gera allt til að aðstoða ykkur, enda erum við sérfræðingar í eyðingu gagna.

Gagnaeyðing er með vottun frá NAID, alþjóðlegum samtökum fyrirtækja sem sérhæfa sig í eyðingu trúnaðargagna. NAID gengur út frá því að eyðing trúnaðargagna sé öryggismál. Þess vegna sætir starfsemi Gagnaeyðingar reglulegum úttektum sérfræðinga NAID þar sem starfsemin er metin í heild sinni, það er, aðstaðan, verkferlar, starfsfólkið og fleira. Auk þess megum við eiga von á fyrirvaralausum úttektum. Gagnaeyðing stenst ávallt þessar úttektir með glæsibrag.

Þegar þú kýst að eyða gögnunum þínum hjá Gagnaeyðingu geturðu treyst því að:

- gögnum er eytt í vinnslusal sem aðeins sérþjáfað starfsfólk hefur aðgang að
- starfsfólk og vottaðir verktakar fara árlega á námskeið í verklagsreglum okkar
- farið er eftir ítarlegum og ríkum kröfum um öryggis- og eftirlitskerfi
- gæðaeftirlitskerfi tryggir að stærð tættis efnis sé innan viðmiðunarmarka
- 98% alls efnis sem okkur berst til eyðingar fer í endurvinnslu

Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar í meðhöndlun trúnaðargagna á komandi ári. Takk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Starfsfólk Gagnaeyðingar

# MIKILVÆGI LÝÐRÆÐISINS

REIMAR PÉTURSSON HRL.  
FORMAÐUR



**Forsenda réttarríkisins er lýðræðisleg umræða og vönduð stefnumótun við lagasetningu. Lögmenn gefa þessu stundum lítinn gaum, því efniviður starfa þeirra er að mestu hin samþykktu lög. Aðdragandi lagasetningarinnar skiptir þá oft minna máli.**

Lögmenn mega hins vegar gjarnan veita þessum þætti réttarríkisins meiri athygli. Engin ástæða er til að eftirláta öðrum alfarið umræðu um gæði hinnar lýðræðislegu stefnumótunar.

## Hrossakaup stjórnmalanna og svikin loford

Þeirri skoðun er oft hreyft í umræðu hversdagsins að fulltrúalýðræðið okkar sé gallað. Oft er nefnt sem sjúkdóms-einkenni að stjórnmalamenn fórn gjarnan stefnumálum sínum í hrossakaupum við stjórnarmyndun strax eftir kosningar.

Færa má rök fyrir að þetta sé afleiðing brotakennds flokka-kerfis. Stjórnarskráin okkar reisir t.d. tiltölulega litlar skorður við að flokkur komist á þing. Þröskuldurinn er dreginn við 5% fylgi til að fá úthlutað jöfnunarþingsæti. Unnt er að komast á þing með kjördæmakjörinn mann með mun lægra fylgi. Síðan bætist við sá hvatí til framboðs sem leiðir af fjármögnun ríkisins á starfsemi stjórnmalaflokka sem hljóta yfir 2,5% fylgi. Fjöldi flokka keppa því í aðdraganda kosninga um atkvæði landsmanna og skoðanaskipti milli framboða eru stundum lítt hnitmiðuð og byggð á upphrópunum.

Stór hluti þeirra stefnumála sem eru kynnt af framboðunum eiga sér, í þessu umhverfi, enga von við stjórnarmyndun. Sum þeirra eru einfaldlega of umdeild, sértæk eða óhefðbundin til að rata inn í stjórnarsáttmála, standi viðkomandi flokki yfirleitt til boða að mynda stjórn. Kjósendur munu því óhjákvæmilega standa uppi eftir kosningar með langa lista svikinna loforda. Þetta er til þess fallið að grafa undan trausti landsmanna á stjórnmalunum eins og þegar virðist farið að gerast.

## Leiðir til bóta

Þetta ástand er hægt að bæta. Ein hugmynd til lausnar þessum vanda gæti verið sú að breyta kosningafyrirkomulaginu. Meðal þess sem gæti komið til álita væri:

1. fækkun kjördæma þannig að erfiðara verði að fá kjördæmakjörinn þingmann,
2. fjölgun áskilinna meðmælenda með framboði,
3. hækkun 5% lágmarksþröskuldar fyrir úthlutun jöfnunarþingsæta og
4. afnám fjármögnunar ríkisins á starfsemi stjórnmalaflokka sem ekki hljóta nægan stuðning til að komast á þing

Í þessu felst, í sem einföldustu orðum, að kröfur væru auknar um samtakamátt þeirra sem vilja bjóða fram og hafa áhrif á samfélagið. Með tíð og tíma gæti þetta gert stjórnmalaumræðuna hnitmiðaðri, dregið úr hrossakaupum við stjórnarmyndun og aukið líkur á að mál sem kosið er um nái fram að ganga.

## Leiðir til verri vegar

En þetta ástand er líka hægt að gera verra. Dæmi um slíka aðgerð væri aukið vægi persónukjörs eins og meðal annars er ráðgert í tillögum stjórnlagaráðs til nýrrar stjórnarskrár. Þessum afleiðingum er t.d. lýst í álitum Feneyjarnefndarinnar á þeim tillögum. Yrði þeim hrint í framkvæmd yrði stjórnmalabaráttan mun persónulegri en nú er. Hver og einn frambjóðandi myndi bjóða upp á sín stefnumál. Hrossakaup myndu aukast stórum og geta stjórnmalanna til að hrinda í framkvæmd mikilvægum stefnumálum í þágu almennings yrði minni.

## Tilraunir til stjórnarmyndunar

Þetta er nefnt nú því áhugavert er að fylgjast með tilraunum til myndunar ríkisstjórnar frá þessum sjónarhóli. Vonlaust er að sjá hvernig þeim tilraunum lyktar. Vonandi tekst þetta þó án þess að valda kjósendum teljandi vonbrigðum.



**pwc**



**Mörkin lögmannsstofa hf.**  
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík

Gestur Jónsson hrl.  
Gunnar Jónsson hrl.  
Hörður Felix Harðarson hrl.  
Einar Þór Sverrisson hrl.  
Gísli Guðni Hall hrl.  
Geir Gestsson hrl.  
Almar Þór Möller hdl.  
Hilmar Gunnarsson hdl.  
Ragnar Halldór Hall hrl.

Fulltrúar:  
Árni Gestsson hdl.  
Hildur Leifsdóttir hdl.  
Linda Ramdani lögfr.  
Védís Eva Guðmundsdóttir hdl.

Sími 414 4100 · Fax 414 4101

[www.law.is](http://www.law.is)

*Gledileg jól*

*Ásar – þýðingar og túlkun slf*

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda  
*Ása – þýðinga og túlkunar slf:*

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi  
Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi  
Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi  
Jóhann Guðnason, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi  
Matthías M. Kristiansen, þýðandi  
Daniel D. Teague, skjalapýðandi  
Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.  
Aðili að rammaþingum Ríkiskaupa (RK-14.10).

*Ásar – þýðingar og túlkun slf* » Skipholti 50b » sími: 562-6588 » netf: [ellening@simnet.is](mailto:ellening@simnet.is)





*Davíð Þór Björgvinsson hélt erindi um dóminn og Hildur Ýr Viðarsdóttir hl. hjá Landslögum var fundarstjóri.*



*Fullt var út úr dyrum á fundinum og komust færri að en vildu.*

# EKKI TVÍVEGIS FYRIR ÞAÐ SAMA

## Hádegisverðarfundur Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands

Þann 1. desember sl. stóðu Lögmannafélag Íslands og Dómarafélag Íslands fyrir hádegisverðarfundum um nýlegan dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli tveggja einstaklinga gegn Noregi þar sem reyndi á hvort málsmeðferð skattalagabrota í Noregi stæðist ákvæði 4. gr. 7. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu. Fyrir Mannréttindadómstól Evrópu bíða nú til úrlausnar sambærileg mál er varða fyrirkomulag refsímála vegna skattalagabrota á Íslandi og hvort það brjóti gegn framangreindu ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu, þ.e. annars vegar leiðrétting skattaskila fyrir stjórnvaldi, sem lokið getur með úrskurði um 25 % álags á vantalda skattstofna og hins vegar refsipáttur málsins, sem ýmist er sektarmeðferð fyrir stjórnvaldi eða refsímál fyrir dómstólum og varðað geta fangelsisrefsingu auk sekta.

Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla og fyrrverandi dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, fór yfir niðurstöðu Mannréttindadómstólsins og mögulega þýðingu hans gagnvart íslenska málinu.



## Meginreglan um ne bis idem

Meginreglan um tvöfalt refsinaemi, ne bis idem, telst almennt til grundvallarreglna og er m.a. að finna í 4. gr. 7. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, þar sem kveðið er á um bann við endurtekinni málsmeðferð vegna refsiverðar háttsemi.

Í framsögu sinni fór Davíð Þór yfir þau sjónarmið sem búa að baki ákvæðinu. Í fyrsta lagi að einstaklingar eigi að geta treyst því að úrlausn máls feli í sér að afskiptum hins opinbera sé lokið hvort heldur að máli ljúki með sýknu eða sakfellingu. Í öðru lagi að koma í veg fyrir misnotkun opinbers valds og tryggja þannig réttaröryggi aðila. Í þriðja lagi að stuðla að vönduðum vinnubrögðum handhafa valds og í fjórða lagi fjárhagsleg og afbrotafræðileg sjónarmið þ.e. að fjármunum sé ekki vel varið í endurteknar lögsóknir (málsóknir) vegna sama brots og að refsing sé í hlutfalli við brot.

## Dómurinn

Málsatvik í dómi Mannréttindadómstólsins í máli A og B gegn Noregi, 15. nóvember sl., voru þau að kærendur sættu í stjórnslumáli 30% álagi á skatt fyrir að hafa látið hjá líða að telja fram tilteknar tekjur. Í samhlíða (parallel) sakamálemeðferð voru þeir fundnir sekir um skattsvik á grundvelli sömu atvika. A og B töldu að þeim

hefði verið refsað tvívegis fyrir sama brotið sem væri andstætt 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu.

Í dóminum eru talin upp fjögur skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt til þess að brotið sé gegn 4. gr. 7. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu:

1. Að bæði málin/ferlarnir teljist miða að refsingu í skilningi sáttmálans.
2. Að um sé að ræða sömu málsatvik þ.e. sama brot.
3. Að endanleg ákvörðun liggja fyrir.
4. Að málsmeðferð sé endurtekin, þ.e. að ný málsmeðferð sé hafin vegna sama brots eftir að endanleg ákvörðun liggur fyrir.

Við mat á skilyrðunum vísaði dómurinn til hið svokallaða Engel-viðmiða, þ.e. hvort stjórnslumeðferð teljist sakamál, þar sem litið er til þess hvernig háttsemin er tilgreind í landsrétti, eðli háttseminar og hversu þungbær viðurlögin eru.

Aðildarríkjum er veitt ákveðið svigrúm til að ákveða fyrirkomulag refsivörslu. Í löndum Evrópu er algengt að hafa annars vegar stjórnslumeðferð og hins vegar dómsmeðferð en mörg ríki Evrópu studdu norska ríkið sem „third party intervener“ í umræddu máli. Framangreind skilyrði koma því ekki í veg fyrir að hægt sé að hafa mis-

munandi „málsmeðferðir“ eða „ferla“ sem bæta hvorn annan upp þar sem þeir hafa mismunandi markmið sem viðbrögð við hinni ólögmetu hegðun.

Niðurstaða dómsins var sú að ferlarnir bættu hvorn annan (complementary) hvað varðar tilgang og aðferð. Afleiðing þess að haga ferlunum með þessum hætti, að virtu meðalhófi, var talið fyrirsjáanleg bæði í lögum og framkvæmd. Í raun var því um að ræða ferla sem tengdust nægilega bæði efnislega og í tíma. Noregur var því ekki talinn hafi brotið gegn ákvæði 4. gr. 7. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu í þessu máli.

## Fordæmisgildi á Íslandi

Davíð Þór telur að umræddur dómur Mannréttindadómstóls Evrópu geti haft fordæmisgildi hvað varðar íslenska málið sem bíður úrlausnar fyrir dómnum, sem og hjá íslenskum dómstólum, sérstaklega í ljósi þess að réttarkerfi þessara tveggja landa er líkt. Því mætti leiða líkum að því að skilyrðið um tengsl milli ferlanna væri uppfyllt að efni til og í tíma í íslenska málinu.

Áhugaverðar umræður sköpuðust um dóminn og þá stefnu sem Mannréttindadómstóllinn virðist vera að taka í málum sem þessum.

VÞÞ



## GÆÐI | ÞEKking | ÞJÓNUSTA

fyrirtækjaþjónusta – sótt og sent  
ebjorg@mmedia.is

# Gleðileg jól, farsælt komandi ár



## REYKJAVÍK

### ADVEL lögmennt slf.

Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík

### Arctica Finance hf

Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

### ÁH lögmennt slf.

Vættaborgum 144, 112 Reykjavík

### Bonafide lögmennt og ráðgjöf sf.

Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík

### E. Sigurjónsson lögmannsstofa slf.

Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík

### Fjeldsted & Blöndal lögmannsstofa slf.

Suðurlandsbraut 18, 4. hæð, 108 Reykjavík

### Forum lögmennt ehf.

Aðalstræti 6, 101 Reykjavík

### Háskólinn í Reykjavík

Menntavegi 1, 101 Reykjavík

### IKM Legal

Borgartúni 27, 105 Reykjavík

### JA Lögmennt ehf.

Knarrarvogi 4, 104 Reykjavík

### Juralis, lögmanns- & ráðgjafastofa

Sveinn Guðmundsson hrl.  
Ingi Freyr Ágústsson hdl.  
Jón Óttar Ólafsson Ph.D.  
Leó Daðason lögr.  
Laugavegi 178, 105 Reykjavík

### LAG-Lögmennt sf.

Ingólfsstræti 5, 101 Reykjavík

### Lagastofa lögfræðipjónusta ehf.

Lágmúla 7, 108 Reykjavík

### Lausnir lögmannsstofa sf.

Suðurlandsbraut 52, 108 Reykjavík

### Lex ehf.

Borgartúni 26, 105 Reykjavík

### LOG lögmannsstofa sf.

Kringlunni 7, 103 Reykjavík

### Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf.

Borgartúni 26, 105 Reykjavík

### Lögfræðipjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl.

Sigtúni 42, 105 Reykjavík

### Löggarður ehf.

Tjarnargötu 4, 101 Reykjavík

### Lögmannsstofa Jóns G Briem hrl.

Skipholti 50b, 105 Reykjavík

### Lögmennt Árbæ slf.

Nethyl 2, 110 Reykjavík

### Lögmennt Jónas & Jónas Þór sf.

Stórhöfða 25, 110 Reykjavík

### Lögmennt Laugavegi 3 ehf.

Laugavegi 3, 101 Reykjavík

### Lögron, lögfræðistofa Reykjavíkur og nágrennis

Katrín Theodórsdóttir hdl. LL.M  
Ásvallagötu 2, 101 Reykjavík

### Lögvis lögmannsstofa

Garðastræti 36, 101 Reykjavík

### Mandat lögmannsstofa

Ránargötu 18, 101 Reykjavík

### Outcome hugbúnaður ehf.

Bíldshöfða 18, 110 Reykjavík

### ÓK Lögmennt slf.

Gufunesvegi, 112 Reykjavík

### Pacta lögmennt

Laugavegi 99, 101 Reykjavík

### Sigurður I. Halldórsson hdl.

Síðumúla 13, 108 Reykjavík

### Sigurjónsson & Thor ehf.

Lágmúla 7, 108 Reykjavík

### Sveiney ehf.

Granaskjólí 90, 107 Reykjavík

### Veritas lögmennt

Borgartúni 28, 3. hæð, 105 Reykjavík

### Vík lögmannsstofa ehf.

Laugavegi 77, 101 Reykjavík

## SELTJARNARNES

### Gunnar Guðmundsson hdl.

Eiðistorgi 17, 170 Seltjarnarnesi

## KÓPAVOGUR

### Íslenska lögfræðistofan

Smáratorgi 3, 201 Kópavogi

### Lögfræðistofa Jóhanns B.

Hlíðasmára 6, 201 Kópavogi

### Lögmannsstofa Guðmundar Þórðarsonar og Fasteignasala Kópavogs

Hamraborg 14a, 200 Kópavogi

## HAFNARFJÖRÐUR

### Lögmennt Thorsplani sf.

Fjarðargötu 11, 220 Hafnarfjörður

## STYKKISHÓLMUR

### Málflutningsstofa Snæfellsness

Aðalgötu 24, 340 Stykkishólmur

# FÆRRI ÚTSKRIFAST AF HDL. NÁMSKEIÐI

Þann 18. nóvember s.l. fór fram útskrift af síðara námskeiði ársins 2016 til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður. Alls útskrifaðist 21 lögfræðingur að þessu sinni - 5 karlar og 16 konur.

## Hátt hlutfall kvenna

Alls þreytti 31 lögfræðingur próf á fyrri hluta námskeiðsins í fyrsta sinn en aðeins luku sjö þeirra próftrauninni með fullnægjandi árangri eða 22,6%. Þá náðu 15 þátttakendur af þeim 25 sem skráðir voru í endurtektaþróf, fullnægjandi árangri á nýtafstöðnu námskeiði, eða 60%.

Athygli vekur að hlutfall kvenna sem útskrifast er umtalsvert hærra en verið hefur hingað til á námskeiðunum eða 76,2%, en konur hafa að meðaltali verið 46,3% þátttakenda þau ár sem gildandi fyrirkomulag hefur verið við lýði.

## Fjöldi lögmanna náð hámarki?

Það vekur einnig athygli að mun færri þátttakendur hafa verið skráðir á námskeið ársins en undanfarin ár og mun færri lögfræðingar hafa lokið próftraunininni á árinu 2016 en undanfarin ár. Þannig hafa 50 lögfræðingar lokið námskeiðinu á þessu ári samanborið við 74 lögfræðinga árið 2015, 88 árið 2014 og 90 árið 2013. Frá árinu 2000 hafa að meðaltali 58 lögfræðingar lokið réttindanámskeiðinu ár hvert.

Væntanlega má draga þá ályktun af þessari þróun undanfarinna ára að fjöldi félagsmanna í LMFÍ hafi náð hámarki, en samhliða hefur dregið nokkuð úr ásókn í laganám. Nú eru 1100 lögmenn í félaginu og ef fram fer sem horfir má búast við að fjöldi þeirra standi í stað á næstu misserum eða fækki.

## II



Védís Eva Guðmundsdóttir, Hulda Katrín Stefánsdóttir, Birna Ketilsdóttir, Erla Guðrún Ingimundardóttir, Kolbrún Arnardóttir og Auður Kolbrá Birgisdóttir.



F.v. Hildur Sif Haraldsdóttir, Claudie Ashonie Wilson, Dagný Fjóla Jóhannsdóttir og Áslaug Lára Lárusdóttir.



F.v. Olgeir Þór Marinósson, Sigurður Helgason, Þorsteinn Júlíus Árnason og Ragnar Tjörvi Baldursson.





# HLUTVERK LÖGMANNA MEIRA EN AF ER LÁTIÐ

Um þessar mundir er hálf öld síðan Ragnar Aðalsteinsson varð hæstaréttarlögmaður en auk þess hefur hann starfað við lögmennsku í 54 ár og er því með einna lengstan samfelldan starfsaldur lögmanna. Hann enn fullu í starfi á lögmannsstofunni Rétti, 81 árs gamall, þar sem hann er eigandi ásamt fjórum ungum lögmönnum.

Ragnar, sem hefur gegnt ýmsum störfum fyrir Lögmannafélagið í gegnum tíðina, var gerður að heiðursfélagi árið 2011. Hann tók á móti blaðamönnum Lögmannablaðsins á skrifstofu sinni á Klapparstíg einn rigningardag í nóvember.



„Ég lauk síðasta prófmálinu 22. nóvember 1966 en leysti réttindin ekki út fyrir en 12. desember þar sem ég átti ekki fyrir gjaldinu en lögmannsfulltrúar voru með lág laun á þessum tíma. Ég var fulltrúi hjá Ágústi Fjeldsted hrl. og Benedikt Sigurjónssyni hrl. og þrítugur var ég búinn að taka þrjú prófmál. Til stóð að ég næði þá því fjórða en aðeins einn lögmaður hafði náð því svo ungur til þessa, Guðmundur Ásmundsson sem varð hæstaréttarlögmaður tveimur dögum fyrir 31 árs afmælið árið 1955. Þá urðu þær breytingar á stofnunni að Benedikt Sigurjónsson varð hæstaréttardómari og í hans stað varð Benedikt Blöndal meðeigandi. Það varð úr að hann kláraði hrl. réttindin á undan, ég fór aftur í röðina.“

### Lærifaðirinn Benedikt Sigurjónsson

*Hvers vegna fórstu í lögfræði?*

„Eftir stúdentspróf frá MR, veturinn 1955-1956, var ég á Spáni og í Norður Afríku. Franco var enn einræðisherra og herlögreglan var á hverju strái. Ég fékk þá mikinn áhuga á valdinu og manninum í samfélaginu. Ekkert fag annað en lögfræði snéri að því í Háskóla Íslands. Ég hefði kannski farið í félagsfræði eða stjórnmálafræði en ég var kominn með fjölskyldu og átti ekki kost á því að fara erlendis í nám.“

*Hvað hefur mótað þig sem lögmann?*

„Lærifaðir minn í lögmennsku var Benedikt Sigurjónsson en hjá honum lærði ég handverkið. Þetta var ein af

stærstu stofnunum á þessum tíma, með tvo eigendur og tvo fulltrúa. Ég var einhvern tímann að athuga með að stofna fulltrúafélag en þá voru þeir færri en tíu á landinu svo það tók því ekki.“

### Upp og niður í háloftunum

*Hvernig málum sinnuð þið?*

„Við vorum mest í skaðabóta- og váttryggingamálum. Við vorum m.a. í sjóprófum vítt og breitt um landið og önnuðumst varnir í landhelgisbrotamálunum fyrir breska skipstjóra. Það var hluti af starfinu að fá símtal snemma að morgni og að vera mættur á Ísafjörð klukkan tíu. Þá var tekin á leigu næsta flugvél en framan af flugum við á eins hreyfils vélum. Þetta voru gríðarlega erfiðar ferðir og ég man að eitt sinn á leið til Ísafjarðar þaut vélin upp og niður og flugmaðurinn, sem var ungur, spurði; „ert þú staðkunnugur hér?“ Ísfirðingar urðu brjáláðir yfir því að ég skyldi koma í þessu veðri. Eftir að eins hreyfils vél fórst fórum við að leigja tveggja hreyfla vélar hjá Birni Pálssyni. Einn daginn þegar ég var að fara með Birni vestur á firði hætti hann við að fljúga á síðustu stundu vegna aðstæðna en þá fórst nákvæmlega eins vél frá öðru flugfélagi.“

*Hvenær fórstu í sjálfstæðan rekstur?*

„Það var árið 1969 en ég hef síðan ýmist rekið eigin lögmannsstofu eða í félagi við aðra. Við Árni Guðjónsson hrl. störfuðum saman á tímabili. Ég tók þátt í því að stofna AP Lögmennt árið 1985 og þegar AP lögmennt runnu saman

við Málflutningskrifstofuna Suðurlandsbraut 4, árið 2000, undir nafninu LOGOS var ég þar einungis í einn mánuð. Það rekstrarform hentaði mér ekki en ég þurfti meira sjálfstæði til að ákveða þau mál sem ég tók að mér. Ég var síðan einyrki um hríð þar til Sigríður Rut Júlíusdóttir kom til liðs við mig árið 2002 og síðan hef ég verið meðeigandi á lögmannsstofunni Rétti, sem hefur stækkað all nokkuð.“

### **Gaman að sökkva mér ofan í mál**

*Hvaða réttarsviðum hefur þú helst sinnt í gegnum tíðina?*

„Ég hef átt við flest eða öll svið lögfræðinnar. Ég fékk snemma áhuga á sakamálaréttarfari og það leiddi mig inn á svið mannréttinda. Síðan kom höfundarétturinn sem varð mjög mikilvægur í starfi mínu í tæplega 40 ár. Ég var lögmaður Rithöfundasambands Íslands, bæði í daglegri ráðgjöf og málflutningi, og reyndi að þróa höfundaréttinn og auka veg höfundanna. Síðan stofnuðum við Fjölís en ég var formaður þess í 25 ár. Þetta er eina sérsviðið sem ég hef sinnt svona lengi.“

Eini lögmaðurinn sem vitað er um að hafi starfað lengur en Ragnar er Sveinbjörn Jónsson sem rak lögmannsstofu í Reykjavík frá 1921 til æviloka 1979, eða í 58 ár. Þar af var hann hæstaréttarlögmaður í 53 ár.

Annað svið sem ég fékkst mikið við á tímabili er fjar-skriptaréttur en ég tók þátt sem lögmaður í að stofna fjar-skriptafyrirtækið TAL og var stjórnarformaður þess í byrjun. Þá þurfti ég að læra til hlítar fjar-skriptarétt og samkeppnisrétt því að við rákum fjölda mála fyrir Samkeppniseftirlitinu.

Síðan kom kafli í eignarétti vegna þjóðlendumála og því fylgdi mikið sagnfræðigrúsk. Ég hef alltaf haft tilhneigingu til sökkva mér í hugleiðingar í kringum mál, oft langt út fyrir það sem nauðsynlegt er og fannst ofboðslega gaman að sinna þeim. Maður þarf að setja sig inn í ótrúlegustu hluti í lögmennsku. Ég hef lesið um mótorá í skipum og þyrluflug til að geta skilið mál sem ég flutti.“

Ég hef að auki alla tíð komið að ýmis konar mannréttindamálum og málum hælisleitenda bæði fyrir dómstólum og utan þeirra. Starf mitt hefur þó ekki takmarkast við slík mál. Ég hef unnið fyrir innlend og erlend fyrirtæki

á ýmsum sviðum, svo og sveitarfélög. Fátt er mikilvægara fyrir lögmennt en að fást við fjölbreytileg viðfangsefni til að hafa sem mesta yfirsýn yfir réttinn.

### **Einar ekki með sýfilis**

*Ef þú lítur yfir farinn veg, hver eru eftirminnilegustu málin?*

„Ef ég ætti að nefna dómsmál sem ekki hafa komið fyrir Hæstarétt þá er það líklega eitt frá árinu 1978 þar sem að mér tókst að fá viðurkenningu héraðsdóms á því að útgáfufélagið Bragi ætti ekki einkarétt á verkum Einars Benediktssonar áratugum eftir að hann dó. Og jafnframt tókst mér að sýna fram á það að Einar Benediktsson var ekki haldinn sýfilis en sögusagnir um það gengu hér á landi áratugum saman. Læknar í Noregi rannsókuðu varðveitt sýni og kom þá í ljós að þessi saga átti sér enga stoð.“

### **Mannréttindi fatlaðra**

„Af þeim málum sem hafa farið í Hæstarétt þá fer ekki á milli mála að blindi stúdentinn, Ragna K. Guðmundsdóttir gegn Háskóla Íslands er eftirminnilegt. Með dóminum árið 1998 fékk hún viðurkenningu á að hún ætti rétt á því að njóta nauðsynlegrar aðstoðar til að geta numið og tekið próf á jafnréttisgrundvelli við aðra stúdenta. Hæstiréttur dæmdi Háskóla Íslands til að greiða skaðabætur en ég hafði á þeim tíma eins og nú mikinn áhuga á efnahagslegum og félagslegum mannréttindum. Ég sagði við einhvern féлага minn eftir að dómur féll í málinu að nú gæti ég hætt.“

Síðan kom hið svokallaða öryrkjabandalagsmál sem var stórpólitískt. Þar var tekist á um félagsleg réttindi og almannatryggingar. Niðurstaðan var sú að þrjár af fimm dómurum féllust á kröfur umbjóðanda míns, Öryrkjabandalags Íslands, sem fólst í viðurkenningu á sjálfræði manna þótt að þeir væru í hjúskap eða sambúð. Þáverandi forsætisráðherra brást afar illa við dóminum. Hann skipaði nefnd til að túlka dóminn en með skipunarbréfi til nefndarinnar fylgdi minnisblað sem við vildum sjá. Því var neitað svo við höfðuðum mál á hendur forsætisráðherra og á endanum ákvað Hæstiréttur að við fengjum aðgang að því, en það mál gengur undir nafninu minnismiðamálið.“

### **Gagnagrunnurinn**

„Síðan kom afar stórt og flókið mál sem var gagnagrunnur Íslenskrar erfðagreiningar þar sem allir áttu að veita aðgang að upplýsingum um sig úr sjúkraskrár nema þeir höfnuðu því skriflega. Það sem var ekki síst erfitt var að finna út hvernig hægt væri að leggja málið fyrir dómstóla, að fá einhvern sem hefði einstaklingsbundna lögvarða hagsmuni af því. Að lokum fórum við í mál fyrir unga





*Ljósmynd: M. Flóvent*

konu sem reyndi að koma í veg fyrir að upplýsingar um látinn föður hennar færu í gagnagrunninn. Okkur tókst að fá viðurkenningu Hæstaréttar á því að gagnagrunnurinn ætti ekki rétt á þessum upplýsingum. Þetta mál vakti mikla athygli um allan heim og var skrifað um það í lærðum ritum vítt og breitt, t.d. í Harvard Law Review.“

Ragnar sat í stjórn LMFÍ 1974-1975 og var varaformaður 1975-1976. Hann var síðan formaður 1992-1995. Þá hefur hann setið í ýmsum nefndum á vegum félagsins og verið vakinn og sofinn yfir hlutverki þess að stuðla að framþróun réttarins og réttaröryggis. Ragnar var gerður að heiðursfélaga í LMFÍ á aldarafmæli félagsins árið 2011.

#### Vegir Hæstaréttar órannsakanlegir

*Þú hefur verið að vinna að endurupptöku Geirfinnsmálsins, ekki rétt?*

„Já, upphaflega vann ég að endurupptöku dómsins frá 1980 fyrir Sævar Marinó Ciesielski á öldinni sem leið. Það var alveg gríðarleg vinna því að gögnin voru um allan bæ í kössum og kirnum. Við afgreiðslu málsins var Hæstiréttur að sinna framkvæmdavaldsskyldum sínum og það var enginn munnlegur málflutningur. Ég fékk heldur aldrei að koma fyrir Hæstarétt á fundum heldur afhenti bara skjöl. Sjö dómarrar sátu í nefndinni og niðurstaðan var sú að hvert atriði, sem ég taldi réttlæta endurupptöku, var ekki talið út af fyrir sig nægjanlegt til endurupptöku málsins. Tilvikin, sem voru fjölmörg, voru hins vegar ekki lögð saman og metin heildstætt. Þegar kosningin til stjórnlagabings var ógilt á sínum tíma þá taldist hvert atvik ekki nægilegt til ógildingar kosninganna, en þá lagði Hæstiréttur þau saman og ógilti kosningarnar á þeim grundvelli að samanlagðir annmarkar réttlættu ógildinguna. Það er auðvitað óþægilegt fyrir okkur lögmennt og borgarana ef dómstólar, eftir atvikum Hæstiréttur, nota mismunandi aðferðir í hverju tilviki fyrir sig. Það er galli við æðsta dómvald að það getur notað eina aðferð í máli A og svo allt aðra aðferð í máli B. Afstaða dómarranna verður ófyrirsjáanleg.“

#### Að sjálfsögðu pro bono

*Á heimasíðu Réttar segir að þið viljið veita þjónustu til einstaklinga sem leita til ykkar og því vaknar spurningin: Færðu eitthvað greitt fyrir þessi mál?*

„Stundum eru samtök á bakvið mál einstaklinga en á seinni árum eru sífellt fleiri með málskostnaðartryggingu í gegnum heimilistryggingu sína. Gjafsóknar- og gjafvarnarkerfið er hins vegar alónýtt og afstaða gjafsóknarnefndar oft afar sérkennileg. Við höfum oftast en einu sinni fengið synjun um gjafsókn í málum á þeirri forsendu að dómarr héraðsdóms væru óaðfinnanlegir og yrði ekki breytt við áfrýjun. Þessi mál höfum við svo unnið fyrir Hæstarétti. Oft býður manni í grun að þegar líði á árið hafi ráðuneytið samband við nefndina og segi að peningar í fjárlögum séu að verða búnir og nefndin þurfi að haga sér eftir því. En ég hef að sjálfsögðu rekið eitthvað af þessum málum á pro bono.“

Þegar ég byrjaði í lögmenntsku þá þekktist ekki tímagjald og maður hugsaði aldrei út í það. Einn daginn fór maður í 15.000 króna gallamál og þann næsta í þriggja milljóna króna slysamál og eyddi jafn miklum tíma í þau. Þetta Hróa Hattar prinsipp er náttúrulega mjög hagstætt að því leyti að þeir sem eru með meiri hagsmunum borga meira en hagsmunir þeirra litlu eru þeim jafn mikilvægir. Að mínu viti ætti Lögmannafélagið að taka meiri umræðu um hvort það sé hægt að ákveða kostnað með öðrum hætti en nú er gert. Þetta kemur hreinlega í veg fyrir að mál komist áfram. Hátt tímagjald gerir að verkum að mörg mál, sem að ættu að fara fyrir dómstóla, komast ekki þangað.“

#### Merkustu mál dómstóla svör við spurningum lögmanna

*Eiga lögmenn að vera varðmenn réttarríkisins?*

„Mín skoðun er sú, alveg tvímælalaust. Við eigum að beita okkur fyrir því að fólkið í landinu nái fram rétti sínum og það gerum við ekki nema með því að taka að okkur það sem sumir kalla „skritin“ mál. Þannig þróast rétturinn. Ef maður skoðar rit fræðimanna þá er eins og þeir haldi að dómstólar ákveði hvaða mál þeir taki fyrir. Það er að sjálfsögðu ekki þannig. Málin sem dómstólar fjalla um koma fyrir þá af því að það eru lögmenn sem leggja málin fyrir með tilteknum hætti. Dómstólar geta aldrei gert annað en veita svör við spurningum lögmanna þannig að hlutverk lögmanna í þróun réttarins er miklu meira en af er látið. Fræðimenn gleyma því hverjir það eru sem hrinda þessari þróun af stað og leggja línurnar með bæði dómkröfunum og með þeim rökum sem þeir byggja kröfur sínar á.“

*Finnst þér lögmenn ekki meðvitadír um þetta?*

„Mér finnst það á stundum. Lögmenn eru heldur ekki nógu duglegir að koma þekkingu sinni og reynslu á framfæri. Það er iðulega þannig að maður mætir lögmanni fyrir dómstólum sem er búinn að þaulvinna mál og gæti, ef hann gæfi sér tíma á næstu dögum eftir málflutning, skrifað gott innlegg inn í hina fræðilegu umræðu. Aðferðafræði lögmanna er e.t.v. ekki alltaf sú sama og fræðimanna dómstóla.

#### **Mótframboð á aðalfundi**

*Þú hefur tekið talsverðan þátt í félagsstarfi lögmanna, ekki rétt?*

„Jú, ég var formaður LMFÍ árin 1992 til 1995 en árið 1994 tók ég þátt í að stofna Mannréttindaskrifstofu Íslands fyrir hönd félagsins og ég var líka formaður þar fyrsta starfsárið. Það ár kom fram frumvarp um breytingu á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar og þá varð ég nánast ósjálfrátt talsmaður þeirra sem gagnrýndu frumvarpið vegna þess að það gekk ekki nógu langt. Það þótti mörgum einkennilegt að við gætum verið á móti því sem að allir stjórnmalaflokkarnir væru sammála um. Þetta var að mörgu

leyti skemmtileg barátta því að mannréttindahreyfingum í landinu tókst að koma á einum tíu breytingum á frumvarpinu, þ.á.m. um jafnan rétt karla og kvenna. Ég var sífellt að svara spurningum fjölmiðla um mannréttindi og það þótti mörgum mönnum í LMFÍ afar óþægilegt. Þeir enduðu með því að samþykkja á aðalfundi ályktun um að mannréttindi væru pólitík sem félagið ætti ekki að skipta sér af, þvert á það sem lögmannafélög vítt og breitt um heiminn höfðu verið að gera. Þetta var afar sérkennilegt. Helstu stórvesírar Lögmannafélagsins voru ekki ánægðir með að ég skyldi vera formaður í LMFÍ á sama tíma og Mannréttindaskrifstofu Íslands og jafnframt vera talsmaður mannréttinda. Þeir enduðu með því að draga félagið úr Mannréttindaskrifstofunni. Í þessum hópi voru nokkrir fyrrverandi formenn félagsins en þeir ætluðu síðan að koma í veg fyrir að ég yrði formaður þriðja árið. Þeir buðu mér „fallega jarðarför“ og töldu að ég fengi örfá atkvæði í kosningu á aðalfundi. Ég hafnaði því og fékk mótframboð en var endurkjörinn. Lögmenn hlýddu ekki kallinu.“



## ÞEKKING REYNSLA FAGMENNSKA

**LOGOS** sérhæfir sig í þjónustu við íslenskt og alþjóðlegt viðskiptalíf og er jafnframt sú lögmansþjónusta á Íslandi sem á sér lengsta sögu, eða allt aftur til ársins 1907.

# LOGOS

REYKJAVÍK • LONDON



*Hvert finnst þér vera hlutverk Lögmannafélagsins?*

„Ég myndi vilja að það væri miklu virkara í baráttu fyrir mannréttindum. Við höfum séð undanfarin ár ályktanir frá LMFÍ í tilefni af ákærum á hendur mönnum sem tengjast bönkum og stórfyrirtækjum. Það er afar óþægilegt að félagið vakni þá fyrst upp í réttindabaráttunni þegar þess háttar aðilar eiga hlut að máli. Ég hefði viljað að það gerðist miklu fyrr.“

### **Öll reynsla nýttist í starfinu**

*Hvaða skilaboð hefur þú til ungra lögmannna sem eru að hefja starfsferilinn?*

„Þeir þurfa að gæta að réttindum þeirra sem þurfa á lögmannsþjónustu að halda. Ég geri mér grein fyrir því að menn þurfa að taka að sér mál sem að gefa af sér viðunandi tekjur en það má ekki gleyma pro pono verkefnum. Þar höfum við miklar skyldur, ekki síst vegna þess hve veikburða gjafsóknarfyrirkomulagið er og vegna skilningsleysis valdhafanna. Fjölmargir lögmennt skilja þetta.

Til þess að gera starfið ánægjulegt verðum við að fást við eitthvað sem við höfum sjálf brennandi áhuga á og það er mikilvægt að lokast ekki inni á einu sviði lögfræðinnar of snemma, reyna að fá eins víðtæka reynslu og hægt er því að það nýttist manni síðan alla tíð.

Það er líka kostur að hafa unnið fjölbreytta vinnu áður en maður verður lögmaður. Ég var svo heppinn að hafa unnið margvísleg verkamannastörf og verið á togara og það nýttist mér vel til dæmis í sjóprófum og slysamálum.

### **Eitthvað sem knýr mig áfram**

*Ætlar þú að starfa lengi áfram?*

„Það er bara eitt viðmið sem maður getur haft og það er hvort maður hefur áhuga á verkefnum og hafi gaman af því að leysa þau. Ég hef aldrei getað nálgast lögfræðina eins og hverja aðra vinnu. Það verður að vera eitthvað sem knýr mig áfram. Stundum segi ég þegar einhver kemur til mín: „Ég hef beðið eftir svona máli í 20 ár.“ Þá gefst mér kostur á að fá svar við einhverju álitaefni hjá dómstólum sem ég hef lengi velt fyrir mér. Ég hef einnig skrifað talsvert og sumt af því hefur verið gagnlegt að mínu viti, hefur vakið umræðu og athygli.

Það var lengi til spjald hér á Klapparstígnum sem á stóð: Opið mánudaga til fimmtudaga 9.00-13.00. Ég ætlaði að vera hérna aleinn í rólegheitum, leggjast í rannsóknir og fræðiskrif, en það kom fljótt í ljós að það er ekki hægt í lögmenntsku. Svo hef ég stuðning frá eiginkonu minni, Ruth Stefni, sem er yngri en ég, og við eigum 11 og 14 ára stráka en alls á ég sjö börn. Lífið heldur áfram.

BS og EI

\* Fjölmargir ánægðir lögfræðingar eru að nýta sér þjónustu okkar, með góðum árangri.



**Þjónusta Símaversins er m.a. :**

- Að annast símsvörun fyrir fyrirtæki.
- Fyrir einyrkja, millistór og stór fyrirtæki.
- Vönduð og traust.
- Í höndum sérþjálfaðra starfsmanna.
- Að vera þinn þjónustufulltrúi.



Símaverið ehf - Sími: 450 5500

Heimasíða: [www.simaverid.is](http://www.simaverid.is) - Tölvupóstur: [simaverid@simaverid.is](mailto:simaverid@simaverid.is) - Heimilisfang: Pollgata 2, 400 Ísafjörður

# TÍMI BREYTINGA

Við kynnum nýtt form virkni og sveigjanleika. Nýja BeoVision Horizon sjónvarpið býður óaðfinnanlega einfaldan aðgang efnis með Android TV™, kristaltæra 4K UHD mynd og hin alkunnu Bang & Olufsen hljómgæði. Fáanlegt í 40" og 48" stærðum.



BEOVISION HORIZON  
**BANG & OLUFSEN**

LIKE NO ONE ELSE

**ORMSSON** LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

## SAMSUNG

QUANTUM DOT DISPLAY

A Samsung KS9005T TV is shown in a living room setting. The TV displays a sailboat on the ocean. In the background, there is a large window overlooking a city skyline at sunset. A black leather chair is visible in the foreground. The TV is mounted on a dark stand.

**EISA AWARD Best Product 2016-2017 TV Samsung UE55KS9000**

**SAMSUNG 10 ÁRA**  
INNBRENNIÁBYRÐ  
SUHD TV  
Quantum dot

**ULTRA HD PREMIUM**  
**Samsung KS9005T**  
49" / 55" / 65" / 78"

SUHD • ULTRA HD PREMIUM • HDR1000 • 4K • QUANTUM DOT DISPLAY • SMART TV

# Framtíðar sjónvörp

SAMSUNGSETRID.IS

# AGI Í HERNUM

## NÁMSFERÐ TIL SARAJEVÓ

Það fer enginn til Bosníu hugsaði ég þegar við fórum af stað í fimm daga námsferð á vegum LMFÍ til Sarajevó í október sl. Enda fer enginn án sérstaks erindis til þessa fallega lands á Balkanskaga, sem er annars vegar minnst í tengslum upphaf fyrri heimsstyrjaldarinnar og hins vegar við nýleg stríðsátök og mannlegar hörmungar. Það man nefnilega enginn eftir því að vetrarólympíuleikarnir 1984 voru haldnir í borginni.

Ferðin var á allan hátt frábær. Einstaklega áhugaverð, upplýsandi og skemmtileg enda vel skipulögð og framkvæmd af hálfu Eyrúnar Ingadóttur og Davors Purusic hdl., sem héldu uppi aga á fólkinu frá fyrsta degi. Ekkert rugl í gangi þar. Ég ætla ekkert að ræða um mat og drykk, en seint mun ég halda því fram að það hafi verið skortur á því.



### Deilur þjóðarbrotá

Bosnía Herzegovína er eitt landanna sem varð til úr upplausn Júgóslavíu. Það sker sig hins vegar nokkuð frá öðrum löndum á Balkanskaga með þeim hætti að þar er mun meiri blöndun af mismunandi þjóðarbrotum og innanlandsdeilur eru miklar. Það skýrir e.t.v. að hluta til hörku stríðsins og heiftina sem enn er áþreifanleg.

Fyrsti dagurinn í Sarajevó hófst á heimsókn í Office of High Representative. Það er yfirþjóðleg stofnun sem sett var á laggirnar sem hluti af Dayton friðarsamkomulaginu 1995 sem batt endi á stríðið í Bosnía. Upphaflega var stofnunin undir stjórn Sameinuðu þjóðanna en árið 2002 tók Evrópusambandið yfir fyrir hönd alþjóðasamfélagsins. Þar fengum við stutta kynningu þriggja fulltrúa og áttum opnar og áhugaverðar samræður við þá. Skemmst er frá að segja að þeir voru hæfilega bjartsýnir fyrir framtíðina. Því miður hefur gengið hægt að leysa áralangar deilur milli þjóðarbrotá í landinu, stjórnskipan landsins er sérstök og dóms- og stjórnkerfið ákaflega flókið. Það kristallaðist þegar við fengum kynningu lögmannafélagsins, sem er

annað af tveimur. Í því eru Króatar og Bosníumenn en hitt félagið er fyrir Serba. En óopinber skýring formannsins er sú að félögin eru alveg eins. Það má bara ekki segja það.

Þá fórum við í skoðunarferð um borgina, heimsóttum safn og skoðuðum inn í göngin sem voru grafin fyrir birgðaflutninga á meðan á umsátrinu um Sarajevó stóð yfir í tæp fjögur ár og er hið lengsta í sögunni. Var það sannarlega átakamikil sjón. Davor lýsti umsátrinu og aðstæðum fyrir okkur en hann var þátttakandi í atburðunum.

### Byrgi Títós

Hápunktur ferðarinnar að margra mati var síðan dagsferð til Mostar sem var með viðkomu í neðanjarðarbyrgi Títós. Það byrgi uppgötvaðist fyrir fáum árum síðan en var byggt í Kalda stríðinu og engu til sparað. Samkvæmt núvirði var kostnaðurinn við byrgið hærri en allar skuldir Bosnía í dag. Þetta var eins konar einkabyrgi fyrir Tító, helstu embættismenn og 300 manna herlið. Skoðun á því var vissulega tímaflakk, þar sem hægt var að skoða nútímalist inn á milli. Frábær ferð.





Borgin Mostar er á heimsminjaskrá UNESCO og Gamla brúin (Stari Most) stolt borgarinnar. Hún var nýverið endurgerð en eftir að hafa staðið í á fimmta hundrað ár var hún sprengd upp árið 1993. Bara af því að það var enginn agi í Balkanstríðinu og tilgangslausu aðgerðirnar ótrúlegar. Það er margt skemmtilegt að skoða í þessari fallegu borg. En vissulega er hægt að nota önnur lýsingarorð en skemmtilegt um safnið um fjöldamorðin í Srebrenica sem þar er að finna. Gæsa húðin kemur enn þegar hugsað er til þess hörmungaratburðar sem gerðist í bakgarðinum okkar, með fullri vitneskju alþjóðasamfélagsins. Þá fyrst áttaði maður sig á því hvað við erum í raun lítils megnug.

Þakka ég öllum mínum frábæru ferðalöngum fyrir viðkynninn þessa daga. Marga þekkti ég fyrir en öðrum kynntist ég vel og hafði gaman af. Hlakka mikið til að endurtaka ferðalag með þessu skemmtilega fólki. Skyldumæting næst – og bætum fleiri við. Eyrún og Davor – þið eigið þakkir skildar og fáid þær hér með. Þið hélduð uppi aga í hernum, sem ekki var vanþörf á.

Heiðar Ásberg Atlason hrl.



UMSLAG

Frið Hugmynd til viltakanda

## INNHEIMTA Í ÖRUGGUM HÖNDUM



EINA ISO/IEC-27001 UPPLÝSINGA- OG ÖRYGGISVOTTADA PRENT- OG PÖKKUNARÞJÓNUSTAN Á ÍSLANDI.

Umslag leggur mikla áherslu á að geta sýnt fram á að þeim kröfum sem settar eru fram í vottuninni sé framfylgt með víðeigandi hætti. Slíkt sé vottur um metnað fyrirtækisins til að vera fremst í flokki fyrirtækja í prent- og gagnavinnslu.

## VIÐ SÉRHFÆFUM OKKUR Í:

- Umslagaprentun.
- Pökkun trúnaðarupplýsinga.
- Prentun og pökkun fyrir innheimtufyrirtæki.
- Prentun og pökkun fyrir fjármálafyrirtæki og stofnanir.
- Ljósritun á trúnaðarupplýsingum.
- Gormun og annar frágangur á trúnaðarupplýsingum.
- Margt fleira sem hentar fyrirtækjum og stofnunum.



Framúrskarandi  
Fyrirtæki



UMHVERFISVOTTAD  
FYRIRTÆKI

# KALLAÐ EFTIR BREYTINGUM

## HÁDEGISFUNDUR UM RAFRÆN VIÐSKIPTI OG SÖNNUN

Þann 3. nóvember sl. héldu Lögfræðingafélag Íslands og FLF - félag lögfræðinga í fyrirtækjum athyglisverðan fund um rafræn viðskipti og sönnun og komust færrri að en vildu. Framsögu hafði Ásgeir Helgi Jóhannsson hdl., deildarstjóri hjá Landsbankanum, og auk þess var Hörður Helgi Helgason hdl. hjá Landslögum með stutt innlegg. Fundarstjóri var Birna Hlín Káradóttir hdl. hjá Fossum mörkuðum.

### Hinn rafræni nútími

Við búum í rafrænum heimi. Nær allir löggerningar tengjast rafrænum aðgerðum, jafnt einföld vörukaup sem flóknari afleiðuviðskipti. Við notum öll tölvuna til að greiða fyrir löggerningum, stórum sem smáum, flóknum sem einföldum.

Þegar kemur að starfi lögfræðingsins og aðkomu hans að framkvæmd og fullnustu þessara löggerna, þá flækjast málin eins og Hörður Helgi og Ásgeir minntu okkur á. Rauði þráðurinn í erindi Ásgeirs Helga var hvort unnt væri að rafvæða ferlana alla leið, frá gerð löggernings, framkvæmd hans og fullnustu, jafnvel fyrir atbeina dómstóla. Vissulega væri búið að rafvæða góðan hluta en spurningin var: Komumst við alla leið?

### Lánaferlar fjármálafyrirtækja

Ásgeir Helgi tók lánaferla fjármálastofnana sem dæmi um rafvædda ferla. Umsóknir eru rafrænar, unnið er með þær á skjá starfsmanna og þær fluttar yfir í lánakerfi við samþykkt. Þegar kemur að útgáfu skuldabréfs þá kemur innskot á pappír. Skuldabréfið er prentað út, undirritað, sett í þinglýsingu og varðveitt í skjalaskáp – eftir innkönnun, til að eiga aðgengilegt eintak af skjalinu. Áfram heldur framkvæmd lánsins rafrænt, lánakerfið reiknar gjalddagana og skráir greiðslur, sem berast oftast rafrænt. Þannig gæti ferlið klárast farsælega án frekari

aðkomu pappírsins – þar til frumrit skuldabréfsins yrði sótt í skjalaskápinn, stimplað uppgert og sent í pósti til lántakans. Að mati Ásgeirs er þetta reyndin með stóran hluta þeirra lána sem verið er að veita í dag. Hin lánin, þessi sem ekki eru greidd á réttum tíma og krefjast því frekari aðkomu lögfræðinga, flækja myndina. Innheimtuferlarnir eru áfram undirbúnir rafrænt en gögnin prentuð út og send í pósti. Þegar kemur að fullnustunni færast ferlið alfarið yfir á pappír. Gögnin eru vissulega undirbúin í tölvu en prentuð út, jafnvel í mörgum eintökum og með þau ekið á milli staða til þess að kröfuhafi nái fram rétti sínum gagnvart lántaka. Fullnusturéttarfarið byggir á því að pappír sé reiddur fram á réttum stöðum og á réttum tíma.

Breyting á þinglýsingarlögum sem greiðir fyrir þinglýsingu rafrænna skjala er í undirbúningi hjá innanríkisráðuneytinu og væri vel ef þeirri breytingu fylgdi fullnustubandormur, þar sem gerðar yrðu viðeigandi breytingar á fullnusturéttarfarinu til þess að unnt væri að klára fullnustu með rafrænum hætti. Áhyggjurnar sem lögfræðingar hafa í dag eru, að mati Ásgeirs, hvort lántakar þurfi áfram, þrátt fyrir breytingar á þinglýsingarlögum sem gerir þinglýsingu veðréttar rafræna, að undirrita skuldabréfin á pappír til þess að unnt verði að fullnusta þau með réttum hætti. Að réttindin samkvæmt skuldabréfinu séu tengd við frumrit skuldabréfsins – eintakið sem prentað er á löggiltan skjalapappír og varðveitt í eldvörðum skjalaskápum.



## Sönnun

Ásgeir áréttaði að það væru sömu sönnunarreglur sem giltu um rafræna samninga og aðra samninga og að sönnunarmat dómara á efni og formi rafræns samnings væri að sjálfsögðu áfram frjálst, en hann benti jafnframt á að helsta vandamálið væri framlagning gagna fyrir dómstólum. Hvernig verða rafræn skjöl að sýnilegum sönnunargögnum? Rétt eins og fullnustuferlið er dómskerfið háð framlagningu sýnilegra sönnunargagna, oftast á pappír. Hvernig munu lögfræðingar framtíðarinnar vefengja gerninga sem búið er að setja á rafrænt form? Hvernig ætlum við að framvísa frumriti rafræns skjals fyrir dómi? Miðað við gildandi reglur er nauðsynlegt að prenta skjalið út og framvísa pappírsútgáfunni fyrir dómi. En nú fjarlægir útprentunin alla tæknilegu möguleikana til þess að sannreyna formgildi og réttleika skjalsins auk þess sem rafræna undirritunin er einungis að litlu ef nokkru leyti sýnileg.

Eftir stendur spurningin hvað verður um mótbárur í rafrænum ferlum? Mótbárur munu að sjálfsögðu halda gildi sínu en hugsanlega horfir heimurinn öðruvísi við lögmönnum þegar þeir færa fram mótbárur umbjóðenda sinna fyrir dómi. Hugsanlega stendur lögmaðurinn frammi fyrir því að þurfa að vefengja tölvukerfin í þeim tilgangi að ná fram sönnun á fullyrðingum umbjóðandans um að það hafi ekki verið hann sem undirritaði umdeildan löggerning. Það vekur þá upp spurninguna hvort einhver þurfi að svara fyrir tölvukerfið við slíkan málflutning.

### Hversu langt komumst við?

Að mati Ásgeirs væri einfalt að gera alla ferla fram að innheimtu rafræna og eins að klára fullnustuna rafrænt. Hins vegar þurfi að bæta traust lögfræðinga á rafrænum ferlum. Hugsanlega væri hægt að komast langleiðina án lagabreytinga, en það myndi greiða mjög fyrir framkvæmdinni ef löggjafinn myndi setja jákvæð lagaákvæði um að lánaskjöl gætu verið rafræn. Eftir sem áður munum við hafa áþreifanleg sönnunargögn í málum og þau verða væntanlega ekki öll rafræn þótt þau verði vonandi mun fleiri en þau eru í dag.

### Við verðum að tileinka okkur nýjungar

Hörður Helgi benti á að vinnubrögð lögfræðinga og lögmanna væru að mörgu leyti orðin úrelt. Lögfræðingar



*Mikill áhugi var á fundinum um rafræn viðskipti og sönnun.*

væru stétt sem hafi alltaf treyst á pappír og sé enn að reyna að ríghalda í hann. Með tækniþróuninni flyst ferlið frá lögfræðingum yfir í lokuð kerfi, til banka eða stofnana, og að ef við grípum ekki inn í, þá leysa forritararnir lögfræðilegu ágreiningsefni. Lögfræðingarnir munu þá missa af þeim úrlausnum og þeim ágreiningi sem kann að rísa um hina rafrænu ferla.

Lögfræðingar hefðu hingað til setið þöglir hjá við þróun tölvutækninnar og hefðu fyrir vikið misst af mörgum ferlum sem hafi þegar verið samþykktir. Rafvæðing viðskiptabréfanna er hins vegar enn í mótun og þar ætti lögfræðingastéttin að hafa eitthvað um aðferðafræðina að segja. Hvernig samrýmast t.d. rafræn viðskiptabréf grundvallarhugsun okkar um beina og milliliðalaus sönnun ef ágreiningur um öll viðskipti er kominn yfir í rafrænan heim þar sem rökrætt er á allt öðrum grundvallarlögmálum en viðskiptabréfareglurnar hafa sett fram?

### Erum við búin að missa af lestinni?

Hádegisverðarfundurinn var áhugaverður og skildi eftir fleiri spurningar en hann svaraði. Ein þeirra er hvort við lögfræðingar séum þegar búnir að missa af lestinni, hvort við eigum möguleika á að færa okkur yfir í hinn rafræna nútíma? Ég held að við séum ekki orðin of sein en að lestin sé tilbúin á brautarteinunum. Tækifærið er núna að stökkva um borð.

Ögrum skilgreiningum réttarins um að skjal geti einvörðungu verið á pappír og tókum þátt í því verkefni sem nú stendur yfir víðsvegar í samfélaginu; að tryggja lögfræðilega skynsemi þeirra rafrænu ferla sem þegar eru komnir í þróun. Gerum okkur þannig að þátttakendum í rafrænu samfélagi á forsendum okkar, á forsendum lögfræðinnar.

[Elfur Logadóttir, lögfræðingur hjá ERA.](#)





Gámurinn sem var vinnustaður Hrefnu á meðan dvölinni stóð.



5000 manns búa í flóttamannabúðunum í Moria á Lesvos sem gerðar eru fyrir 3500 manns.

# ÍSLENSKUR LÖGMAÐUR Á LESVOS

Síðastliðið sumar auglýsti Lögmannafélagið eftir sjálfboðaliðum úr röðum lögmanna sem væru tilbúnir til að starfa tímabundið í flóttamannabúðum á eyjunni Lesvos í Grikklandi. Verkefnið er skipulagt af samtökum evrópskra lögmannafélaga (CCBE) og þýska lögmannafélaginu. Mikill fjöldi umsókna barst, þar af ellefu frá íslenskum lögmönnum. Enn eru í skoðun um 430 umsóknir frá lögmönnum víðsvegar í Evrópu. Hrefna Dögg Gunnarsdóttir hdl. hjá lögmannsstofunni Rétti var valin til fararinnar og í haust dvaldi hún í þrjár vikur í Grikklandi.



„Ég fór út 14. október og var alls í þrjár vikur í flóttamannabúðum sem heita Moria. Sem stendur starfa „European Lawyers in Lesvos“ eingöngu í Moria en það eru fjölmargar aðrar flóttamannabúðir bæði á grísku eyjunum og á meginlandi Grikklands. Áður en ESB og Tyrkland komust að samkomulagi um að Tyrkland væri öruggt ríki, í mars síðastliðnum, var Moria fyrsti viðkomustaður þeirra sem komust yfir hafið frá Tyrklandi. Þá stoppaði fólk bara í einn til tvo daga áður en það hélt áfram ferð sinni til annarra Evrópulanda. Eftir að samningurinn tók gildi eru hælisumsóknir fólks yfirfarnar á meðan það bíður eftir niðurstöðu í búðunum.“

### Mikil örvænting

*Hvaðan kemur flóttafólkið og úr hvernig aðstæðum var það að koma?*

„Stærstu hóparnir eru Sírlendingar, Írakar og Afganir. Svo eru fjölmargir frá Vestur-Afríku. Mér skilst að í heildina séu hins vegar fólk af 40 mismunandi þjóðernum í búðunum. Stóra myndin er sú að langflestir eru að flýja mjög stríðshrjád ríki eða pólitískar ofsóknir og eru búnir að leggja mikið á sig til að komast til Evrópu. Frásagnir fólks af aðstæðum í heimalandi, flóttaleið og ferðinni í gegnum Tyrkland og yfir hafið til Lesvos eru hrikalegar og það er aðdáunarvert að finna og heyra hvernig fólk heldur þrátt fyrir allt í vonina miðað við aðstæðurnar sem það flúði og býr við.“

*Hvernig eru aðstæðurnar í búðunum?*

„Búðirnar eru ætlaðar fyrir 3500 manns en núna búa þar u.þ.b. 5000 manns. Kerfið virkar alltaf hægar en breytingarnar sem það þarf að bregðast við en það virðist vera tregða til að viðurkenna að þörf sé á langtímaáætlun um hvernig skuli haga hlutunum í Moria. Á meðan flóttafólkið stoppaði í einn til tvo daga sáu m.a. sjálfbóðaliðar frá hinum ýmsu grasrótarsamtökum um að veita fólki fyrstu hjálp, deila út mat, þurrum fötum og teppum. Nú þarfnast það annars konar aðstoðar, m.a. viðunandi skjóls, vetrarfátnaðar, sálfræði- og læknaaðstoðar, skólavistar a.m.k. fyrir börnin og lögfræðilegrar ráðgjafar. Staðreyndin er hins vegar sú að langflestir búa ennþá í tjöldum, börnin eru fæst í skóla eða eiga viðunandi vetrarklæðnað. Jafnvel þó að fjölmörg samtök, bæði innlend og alþjóðleg séu að störfum

í búðunum er önnur þjónusta takmörkuð og annar ekki vel þeim fjölda fólks sem þarfnast hennar. Þá eru lágmarks öryggisatriðum ábótavant. Það er t.d. allur gangur á því hvort það eru lásar eða ljós á sameiginlegum snyrtingum og sturtum. Allt skapar þetta örvæntingu og grefur undan öryggistilfinningu fólks. Þrátt fyrir að mikill meirihluti þeirra sem dvelja í búðunum nái að taka aðstæðunum af einhverju ótrúlegu æðruleysi, hefur örvænting gripið um sig í ákveðnum hópum. Sex vikum áður en ég kom var kveikt í búðunum. Þá var aftur kveikt í hluta búðanna á meðan ég var þar. Þá brann m.a. vinnuástaða EASO (European Asylum Support Offices) þar sem hælisviðtölin eru tekin og allt var stopp í heila viku. Þar fyrir utan eru búðirnar oft rýmdar við þessar aðstæður sem þýðir að fólk er á vergangi þangað til ný tjöld hafa verið sett upp. Núna nýlega sprakk gaskútur í búðunum með þeim afleiðingum að 66 ára gömul kona og 6 ára gamalt barn létu lífið. Tveir aðrir eru lífshættulega slasaðir. Aðstæður fólks eru sem sagt algjörlega óviðunandi og það er í raun ólíðandi að meira hafi ekki verið gert til að aðstoða Grikkland og Ítalíu, sem berjast við gríðarlega efnahagsörðugleika, til að veita fólki viðeigandi aðbúnað og vernd.“

### Verkefni lögmanna

*Hvert er verkefni ykkar?*

„Verkefnið er sem stendur þríþætt, að undirbúa fólk undir hælisviðtal, að aðstoða við fjölskyldusameiningar þeirra sem eiga maka, börn undir 18 ára aldri eða aldraða foreldra sem þegar eru komnir með alþjóðlega vernd í öðru Evrópuríki og að hjálpa til við að safna sönnunargögnum.“

Allt eru þetta verkefni sem lögmenn sem starfa að málefnum flóttamanna þekkjá. Við undirbúning hælisviðtalsins förum við yfir málsmeðferðina, við hverju megi búast í viðtalinu og þá upplýsum við fólk um réttindi sín samkvæmt flóttamannasamningnum. Ég upplifði sterktlega hversu mikilvægt þetta síðastnefnda atriði er. Langflestir leggja af stað frá sínu heimalandi í algjörri neyð en hafa heyrt af því að Evrópa búi fólki aðstæður til að dvelja í öryggi frá stríðsátökum. Margir þeirra sem hefðu farið í hælisviðtal án þess að fá nauðsynlegan undirbúning ætluðu að lýsa því í viðtalinu hvernig þau hygðust ekki vera byrði á því Evrópuríki sem myndi taka við þeim og þeirra fjölskyldu, hvernig þau myndi leggja sitt til samfélagsins o.s.frv. Raunin er hins vegar sú að viðtalið snýst um að upplýsa hvort að fólk eigi rétt á alþjóðlegri vernd. Umsækjandinn á kannski 100% rétt á vernd en veit ekki endilega hvernig hann á að bera sig að eða eftir hverju er verið að leita. Það er því afar mikilvægur þáttur í verkefninu að veita upplýsingar um ástæður þess að fólk er viðurkennt sem flóttamenn og



Lögmennirnir gengu í öll verk, þar á meðal að mála brunarústirnar eftir að kveikt hafði verið í gámunum. Hrefna er í miðju ásamt vinnufélögum sínum.

aðstoða við að beina sjónum að fortíðinni sem getur eðli málsins samkvæmt verið afar sársaukafullt.

Annar þáttur verkefnisins er að aðstoða fólk við fjölskyldusameiningar, að koma á samskiptum við þá fjölskyldumeðlimi sem eru komnir til Evrópu og hafa jafnvel fengið vernd í öðru Evrópulandi. Þegar þannig ber undir er mögulegt að sækja um að hælisumsókn þess fjölskyldumeðlims sem eftir er í Grikklandi verði yfirfarin í því landi þar sem annar eða aðrir úr fjölskyldunni eru komnir með vernd.

Þriðji þátturinn var svo að hjálpa til við að afla sönnunargagna til að styrkja hælisumsóknina eða grundvöll fyrir fjölskyldusameiningu. Hluti af synjunum um vernd eru einungis á grundvelli þess að fólk var ekki með sönnunargögn til að leggja fram til stuðnings frásögn sinni. Þetta er vandmeðfarið. Í fyrsta lagi er staðan sú að fæstir hafa upplýsingar um að gerðar séu slíkar kröfur um sönnunargögn. Jafnvel þó að þær upplýsingar séu til staðar þá eiga fæstir hægt um vik að afla þeirra. Búðirnar eru í 10 km fjarlægð frá næsta „tölvuveri“ þar sem hægt er að komast í aðgang að interneti gegn greiðslu, það er takmarkað internet í búðunum og langfæstir eiga inneign á símanum sínum til að hringja alþjóðleg símtöl til þeirra sem gætu aðstoðað við að afla gagna. Verkefnið hefur því aðstoðað við þetta, t.d. með því að hafa samband við vini og fjölskyldu símléiðis, móttaka skjöl eins og fæðingarvottorð, hjúskaparvottorð eða gögn um að viðkomandi hafi sætt ofsóknum og sé eftirlýstur. Núna er komið fjármagn til þess að ráða starfsmann á skrifstofu verkefnisins sem mun sjá um þessi atriði en lögmenn verkefnisins munu eftir

sem áður ráðleggja um hvaða gagna þurfi að afla og eftir atvikum safna skýrslum og upplýsingum um ástand í heimalandi sem byggja undir málsástæður um flótta fólks.“

### Langir vinnudagar

*Hvaðan voru hinir lögmennirnir sem unnu með þér?*

„Það eru að jafnaði þrír lögmenn í einu hjá verkefninu fyrir utan verkefnastjóra. Þegar ég kom voru tveir lögmenn að fara, spænskur lögmaður sem talar arabísku og franskur lögmaður sem hefur nýlega látið af störfum vegna aldurs og sinnir nú einungis margvíslegu hjálparstarfi sem lögmaður. Þeir sem komu á sama tíma og ég voru grískur lögmaður sem hefur verið verkefninu til halds og trausts frá upphafi og franskur lögmaður sem hefur unnið mikið með flóttamönnum í París en einnig numið arabísku í Egyptalandi og Líbanon. Þegar við fórum bættist við lögmaður með 30 ára starfsreynslu frá Sviss og svo voru aðrir á leiðinni. Starfsmaður verkefnisins í Lesvos og stjórnandi þess er enskur solicitor. Gríðarlega vandaður og góður í því sem hann er að gera. Það var auðvitað ómetanlegt að fá að kynnast öllu þessu fólki, deila með því reynslunni á Lesvos og skeggræða lögfræði og lögmennsku frá hinum ýmsu sjónar- og heimshornum.“

*Var mikið að gera?*

„Í byrjun vorum við ekki með aðstöðu í búðunum vegna þess að gámurinn þar sem verkefnið hafði aðstöðu hafði brunnið til grunna. Þá veittum við viðtöl á nálægu kaffihúsi. Fljótlega fengum við hinsvegar nýjan gám þar sem við gátum haft tvö viðtalsherbergi. Um leið og fólk vissi hvaða aðstoð við veittum og hvar hana var að fá, þá fóru



að myndast raðir við gáminn okkar. Innan búðanna hafa mismunandi hópar einnig lýðræðislega kosið sér leiðtoga. Ég var því strax sett í samband við leiðtoga þeirra sem eru enskumælandi í búðunum og lögmenn sem töluðu arabísku eða frönsku við viðeigandi leiðtoga. Þannig spurðist verkefnið hratt út og það var mikið að gera. Verkefnið er jafnframt að gera gangskör í að fá farsí og urdutalandi lögmenn eða túlka sem er bráðnaðsynlegt. Dagarnir voru frekar langir en við byrjuðum klukkan 9 og unnum skrifstofuvinnu fram að hádegi. Svo vorum við í búðunum fram til 17/18 og fórum þá til baka á skrifstofuna og gengum frá málaskrá, sendum tölvupósta og slíkt. Þetta voru yfirleitt 12-16 tíma vinnudagar, sex daga vikunnar.”

### Þarf að gera svo miklu betur

*Hvað finnst þér um verkefnið?*

„Mér fannst frábært að sjá hvað þetta litla verkefni gerir mikið gagn. Það sem maður hræðist við öll svona verkefni er að verið sé að leggja fjármuni og tíma sem skili sér ekki beint til þeirra sem verkefnið á að þjónusta. Mér fannst það

ekki vera raunin hér, þvert á móti finnst mér verkefnið hafa náð að sníða sér stakk eftir vexti og vera að beinu gagni fyrir fólkið í búðunum þrátt fyrir t.d. að lögmenn komi og fari á stuttum tíma. Að því leyti er ég þakklát fyrir að hafa verið þarna fyrir mitt lögmannafélag og stolt af því að CCBE hafi sett verkefnið á laggirnar. Þótt það sé lítið sem stendur þá er það að sinna alveg ótrúlega mikilvægu málefni.

Það þarf hins vegar að gera svo miklu, miklu betur. Aðstæður samferðafólks okkar sem þarf að hafast við í Moria eða í öðrum flóttamannabúðum víðsvegar um Evrópu er smánarblettur á samtíma okkar. Mörgum finnst eins og enginn muni eftir þeim lengur, nú þegar komur flóttamanna yfir hafið frá Tyrklandi eru ekki eins tíðar og áður. Raunin er hins vegar sú að langflestir þeirra sem hafa komið síðan í mars, eru ennþá í Moria, verða það áfram um ótiltekinn tíma og búa við þessar bágu aðstæður.”

EU



# ANDARTAK VIÐ SJÓINN

## RAGNAR JÓNASSON – SMÁSAGA

Hann gat ekki lengur séð sjóinn, en hann fann þó sjávarlyktina.

Sterkari en nokkru sinni fyrr. Sami salti og seiðandi keimurinn og hann hafði andað að sér þegar hann kom í fyrsta sinn til Siglufjarðar, í litla afskekktu bæjarfélagið á Norðurlandi, eftir langt og strangt ferðalag þangað með stúlkunni sinni.

Áratugir voru liðnir síðan þá. Hann hafði nú búið einn um nokkurra ára skeið í litla húsinu innarlega í firðinum, nokkuð langt frá byggðakjarnanum á eyrinni. Lóð sem fékkst ódýrt á sínum tíma, á stað þar sem aðrir höfðu ekki áhuga á að búa. Skeytti lítið um aðra bæjarbúa og þeir létu sjaldan sjá sig hjá honum. Átti þó nokkra góða kunningja í bænum, leit til þeirra í kaffi öðru hverju, en æ sjaldnar hin síðari ár eftir að aldurinn færðist yfir. Þá var best að sitja bara heima.

Aðventan hafði liðið hægt, þykkur snjór lá yfir bænum, stórhrið suma daga og tilveran tilbreytingarlaus. Kuldinn smaug inn um allar glufur á gamla timburhúsinu, en það var ekkert nýtt á þessum norðlægu slóðum.

Og nú voru jólin loksins að ganga í garð. Hann var búinn að kveikja á jólakertinu á stofuborðinu eins og venjulega, fyrir hana. Átti sér þá einu ósk að fá að hitta hana aftur. Kertið hefði átt að loga út jólanóttina.

Hann hafði kveikt á útvarpinu til þess að missa ekki af messunni. Hangikjötsilmurinn hafði fyllt eldhúsið. Bara dálítill kjötbíti, máltíð fyrir einn.

*Þau kynntust í heimabæ hennar, sjávarþorpi við Eyjafjörð. Hann var þar í verkamannavinnu, hún var tíu árum yngri en hann. Ung og fögur, eftirsótt af flestum karlmönnum í sveitinni, en féll fyrir honum. Samband þeirra fór leynt til að byrja með og þegar þau trúlofuðu sig sögðu þau engum neitt. Hamingjan vandlega innsigliuð með þögninni. Að lokum fór þó svo að þau ákváðu að láta slag standa og biðja föður hennar um að blessa ráðahaginn.*

*Hann tók beiðninni afar illa. Barði í borðið, þvæði lúin augun og sagði dimmum rómi að hann fyrr myndi hann dauður liggja. Dóttir hans ætti betra skilið.*

*Þetta gerðist á fallegu sumarkvöldi, en fegurð þess var þó ekki jafn tilkomumikil eftir þessi skýru skilaboð.*

*Skötu hjúin hittust í skjóli nætur, niðurbrotin en ekki buguð. Sumarnóttin var björt og þau töluðu um framtíðina sem þau ætluðu að verja saman. Ekkert skyldi koma í veg fyrir það.*

Hugurinn reikaði aftur til bernskujólanna, þá var minna umstang en nú. Færri gjafir, meiri hátúðleiki. Ekkert jólatré á heimilinu, það var í mesta lagi að hann fengi að sjá heimatilbúið jólatré fjölskyldunnar á næsta bæ. Á aðfangadagskvöld söng fjölskyldan Heims um ból. Nú var hann löngu hættur að syngja. Undanfarin ár hafði hann leyft kirkjukórnum í útvarpinu að syngja fyrir sig í staðinn.

Hann hafði ekki verið með neitt jólatré fyrir þessi jólin. Óþarfa þrjál og umstang. Fékk ekki heldur neinar gjafir. Síðasta gjöfin sem hann hafði fengið var frá henni, ári áður en hún dó. Hann lagði hins vegar alltaf á borð fyrir tvo um jólin.

Hún hafði náð nokkuð háum aldri. Hann hafði fengið að verja svo mörgum árum með henni. Hefði samt auðvitað viljað hafa þau fleiri. Hann hafði aldrei sætt sig almennilega við fráfall hennar, en nú var hann í fyrsta sinn feginn að hún var ekki hjá honum.

Kuldinn sótti að honum, en hann lét það ekki á sig fá. Var vanur dálitlum kulda. Hann hugsaði um hana – eins og hann gerði alltaf um jólin, og alla daga raunar.

Það logaði ekki lengur á kertinu hennar.

*Hjartað sló svo óskaplega hratt þegar þau stálu hestunum, eða fengu þá öllu heldur að láni. Þau áttu dálítinn sjóð. Hann hafði lagt til hliðar það sem mögulegt var af vinnulaununum og nú voru þau reiðubúin að hefja nýtt líf. Þetta var í sjálfu sér ekki sérlega skynsamlegt, að byrja upp á nýtt á ókunnugum stað, en samt kom aldrei neitt annað til greina.*

*Þau lögðu af stað um nóttina. Faðir hennar kæmist ekki að því að hún væri farin fyrr en um morguninn. Þá yrði það vonandi of seint, auk þess sem hann gat ekki verið viss um hvert þau hefðu farið.*

*Þau yrðu komin til Akureyrar snemma morguns, löngu áður en símsstöðin opnaði, ekki vildu þau að faðir hennar næði að senda símskeyti þangað.*

*Hann var dauðskelkaður alla leiðina, leit oft um öxl. Svona hefði hann ekki viljað hafa það. Eins og glæpamaður á flóttu, en þó sekur um þá einu synd að vera ástfanginn. Hún elskaði hann líka, hann var viss um það. Þau höfðu ekki þurft að ræða þessa hugmynd lengi, að stinga af. Hún var jafnákveðin og hann. Þetta hafði þó verið hugmynd hans svo hann fann til mikillar ábyrgðar. Nú vonaði hann innilega að allt gengi upp. Það var of mikið í húfi – þau fengju aðeins þetta eina tækifæri.*

Værð færðist yfir hann. Kannski eins konar jólafriður.

Hann hafði alltaf verið nægjusamur, fagnaði jólunum helst í hjarta sér. Hann hafði aldrei skort neitt á jólum, ekki í raun og veru. Hann mundi eftir því að fyrir ein jólin höfðu ekki fengist nein epli og raunar lítill sykur. Margir héldu að jólin kæmu hreinilega ekki það árið. Hann vissi betur.

Og nú voru víða komin sjónvarpstæki inn á heimili fyrir sunnan og jafnvel sýndir skemmtipættir á jóladag,

hafði hann frétt. Í gamla daga mátti ekki einu sinni spila á spil á jólum.

Hann brosti í kampinn þegar hann rifjaði þetta upp.

Hann hafði notið dagsins, aðfangadags, þrátt fyrir einveruna og blindbylinn sem geisaði utandyra.

Nú yrðu þetta síðustu jólin hans.

Hann sá ekki eftir neinu.

*Hann hafði verið alinn upp við það að ljúga ekki.*

*En nauðsyn brýtur lög.*

*Þau stóðu fyrir framan sýslumanninn á Akureyri snemma morguns. Höfðu bankað upp á hjá honum. Hann tók þeim vel, nývaknaður. Þau sögðust vera á leiðinni suður til Reykjavíkur, að þau væru að leggja af stað þangað nú í morgunsárið en að þau vildu gifta sig fyrst. Fyrsta lygin.*

*Svo kom spurning sýslumannsins. Voru þau með staðfestingu á því að faðir brúðarinnar hefði veitt samþykki sitt?*

*Hann heyrði að hún tók andköf.*

*Framtíð þeirra beggja var undir því komin hversu sannfærandi hann yrði.*

*Hann rétti úr bakinu, horfði beint í augun á sýslumanninum og svaraði því til að faðir hinnar verðandi brúðar væri fyllilega sáttur við ráðahaginn. Að þau hefðu einfaldlega ákveðið með stuttum fyrirvara að gifta sig áður en þau legðu af stað í langferðina suður til Reykjavíkur.*

*Það varð dálítill þögn. Hann þorði varla að draga andann. Beið og vonaði.*

*Sýslumaðurinn brosti og sagði að sjálfsagt væri að gefa þau saman. Það var þó ómögulegt að sjá hvort hann hefði fallið fyrir ósannindunum eða hvort hann vildi einfaldlega greiða götu ástfangins þars. Hið síðarnefnda var þó líklegra. Lygin hafði sennilega ekki verið mjög trúverðug.*

*Þau keyptu leyfisbréf til þess að þurfa ekki að birta hjúskaparauglýsingu og sýslumaðurinn útvegaði tvo vígsluvotta.*

*Svo voru þau gefin saman. Þáðu hamingjuóskir ókunnugra manna, sýslumannsins og vottanna, en voru þó eiginlega alein í heiminum.*

*Allt saman náðist þetta áður en símsstöðin var opnuð þann daginn.*

Þetta hafði verið farsælt hjónaband sem enst hafði í áratugi, þar til dauðinn aðskildi þau. Þau unnu ýmiss konar vinnu á Siglufirði og í nágrenni meðan heilsan leyfði, hitt og þetta sem til féll, verkamannavinnu, síldar-söltun og fleira. Höfðu aldrei mikið á milli handanna, en nóg samt.



Hún hittu föður sinn ekki aftur, þótt ekki hefði verið sérlega langt á milli þeirra í kílómetrum talið. Hún ræddi stundum um það hvort hún ætti að heimsækja hann, en lét þó ekki verða af því. Svo var það orðið of seint. Eftir andlát hans fékk hún bréfin sem hann hafði skrifað til hennar en aldrei póstlagt. Þar baðst hann afsökunar á viðbrögðum sínum, kvaðst vilja hitta hana aftur og óskaði þeim alls hins besta. Það var ómögulegt að vita hvers vegna gamli maðurinn hafði ekki sent henni bréfin. Kannski af sömu ástæðu og hún tók aldrei af skarið og fór í heimsókn til hans, þrjóska og stolt sem gekk í erfðir. Eftir að bréfin loks bárust henni var þó eins og þungu fargi væri af henni létt.

Þau höfðu komið sér upp fallegu og látlausu heimili, en eignuðust aldrei nein börn; það var ekki í spilunum, þótt þau hefðu óskað sér þess.

En þau höfðu fundið hamingjuna í litla kotinu sínu í skjóli háfjallanna á Siglufirði.

*Hún átti velviljadan frænda á Siglufirði. Þannig kom þessi litli bær við nyrsta haf inn í líf þeirra. Strax að lokinni hjónavígslunni lögðu þau af stað þangað norður. Þetta var óvenjulegur brúðkaupsdagur. Hún var viss um að hann tæki þeim vel og gæti jafnvel útvegað þeim einhverja vinnu.*

*Þau skildu hestana eftir á Akureyri og létu senda skeyti heim með skilaboðum um hvar þá væri að finna áður en þau lögðu af stað til Siglufjarðar. Þau fengu far þangað með vingjarnlegum manni sem sinni vöruflutningum á hestum um Norðurland. Ferðin sóttist afar seint en að lokum komust þau yfir torfært fjallskarðið og tignarlegur fjörðurinn blasti við þeim.*

*Hún vildi fara ein á fund frænda síns og gera honum grein fyrir stöðu mála.*

*Hann gekk um byggðarlagið á meðan, skoðaði sig um og settist svo loks í flæðarmálið og horfði út á sjóinn. Honum leið vel þarna, fann það strax á sér að þarna myndu þau setjast að.*

*Hann andaði að sér sjávarlyktinni og starði út á lygnan hafflötinn, eins og fagurlega ofið teppi. Hafid svo friðsælt og lokkandi, en bjó þó yfir ógnarkrafti. Fuglarnir flugu yfir höfði hans. Hann lokaði augunum og reyndi að leggja þetta allt saman á minnið, útsýnið, lyktina, hljóðin. Andartak sem kæmi ekki aftur.*

*Hann hugsaði um stúlkuna sína. Konuna sína. Hvað það var nú sérkennileg tilfinning að vera skyndilega kvæntur maður. Hann sá hana fyrir sér, fallett brosið. Hlustaði á hafid, sjávarniðurinn eins og hjartsláttur hennar. Og svo stóð hún skyndilega við hlið hans og brosti. Hann vissi strax hvað þetta brosið þýddi.*

*Frændi hennar, smiður að mennt, útvegaði þeim gistingu, vinnu, ódýra lóð til að byggja á og hjálpaði svo til við húsbýgginguna. Húsið var ekki stórt en þeim þótti vænt um það, byggt af litlum efnum en stórum hug. Það hvarflaði aldrei að þeim að flytja þaðan.*

Þessar minningar sóttu nú á hann í kuldanum og myrkrinu.

Þær hafði auðvitað tekið stakkaskiptum síðan þau fluttu þangað. Síldin hafði fært gull í greipar bæjarbúa og nú þurfti ekki lengur að notast við fjallskarðið; tekin höfðu verið í notkun jarðgöng inn í bæinn. Hann hafði þó ekki nýtt sér þau og átti aldrei eftir að gera það úr því sem komið var.

Hann hafði aldrei sótt sjóinn af neinni alvöru, hafði gert heiðarlega tilraun til þess en var ekki þannig gerður að hann gæti þolað ölduganginn. Samt gat hann ekki hugsað um neitt annað núna en sjóinn – hann sá fyrir sér þennan fallega sumardag þegar hann sat og beið eftir eiginkonunni, nýkvæntur. Fann sterka lyktina af hafinu. Heyrði andardrátt þess. Hlustaði á fuglana.

Hann upplifði nú þetta andartak eins og það hefði aldrei liðið hjá.

Hann hafði séð snjóflóðið koma þegar hann var að fara að byrja á jólamatnum. Sat við stofuborðið, ætlaði að fá sér fyrsta bitann af hangikjötinu, og horfði út um gluggann, í áttina að fjallshlíðunum. Hann gat ekkert gert. Sat stjarfur við borðið. Beið þess sem verða vildi. Flóðið kom eins og alltumlykjandi hönd og sópaði honum og húsinu með sér.

Hann var í rauninni undrandi á því að hann skyldi enn vera með fullri meðvitund.

Gerði sér engar vonir um björgun. Enginn var úti í svona stórhrið og hvað þá í nágrenni við afskekktu kofann á ódýru lóðinni. Veðrið gengi vonandi yfir í nótt og einhver myndi finna hann á jóladag. Hann fengi svo að hvíla við hliðina á konunni sinni.

Hann var sáttur. Lífið hafði verið honum gott.

Hann hafði fundið ástina og náð að halda í hana – og nú, á sinni hinstu stundu, var hann enn jafnástfanginn og daginn sem þau hittust fyrst. Gat hann í rauninni beðið um eitthvað meira?

Höfundur er lögmaður og rithöfundur. Smásagan hefur áður birst á ensku og þýsku en birtist nú í fyrsta skipti á íslensku.

# Gleðileg jól, farsælt komandi ár



 <b>BÓTARÉTTUR</b> - þú færð þitt	 <b>FULLTINGI</b> slysa- og skaðabótamál	<small>Egill Thorslacus htl. Svein Thorslacus htl. S. Sif Thorslacus htl. Krisjan B. Thorslacus htl. Guðmundur Ómar Halldósson htl.</small> <b>FORTIS</b> Lögmannsstofa
<b>CATO</b> L Ö G M E N N	<b>JÓNATANSSON&amp;CO</b> Lögfræðistofa ehf SUBURLANDSBRAUT 6 / Sími 533 3434 / <a href="http://www.jonatansson.is">www.jonatansson.is</a>	LÖGMENN LÆKJARGÖTU
 <b>KPMG</b>	<b>K·R·S·T</b> LÖGMENN	 Lögmennt Höfðabakka
LANDSLÖG	<b>LMB</b> LMB LÖGMENN	<b>VALITOR</b>
<b>LIT ehf.</b> Ingi Tryggvason htl.	 <b>LÖGMANNSHLÍÐ</b> LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA <small>GLEKJARGÖTU 20 • 1011 REYKJAVÍK • SÍMI 880-2233 • NEYFANG: LÖGMANNSHLÍÐ SÍMENDUR GUÐMUNDSSON HTL • INGVAR ÞORÓSSON HTL.</small>	



FORVINNSLA



PRENTUN



FRÁGANGUR

# Litla & prent



# FRAMKVÆMDASTJÓRA ISNIC SVARAÐ

Í síðasta Lögmannablaði birti framkvæmdarstjóri ISNIC- Internet á Íslandi hf., Jens Pétur Jensen, grein sem fjallar um lögbann sem lagt var á tvö fjarskiptafyrirtæki í október á síðasta ári. Lögbannið bannaði fjarskiptafyrirtækjunum að veita viðskiptavinum sínum aðgengi að vefsíðunum deildu.net og The Pirate Bay og var í samræmi við lögbann, sem var lagt á önnur fjarskiptafyrirtæki á árinu 2014, allt á grundvelli sérstakrar heimildar 2. mgr. 59. gr. a. höfundalaga nr. 73/1972, sem kom inn í lögin með lagabreytingu á árinu 2010.

Framkvæmdastjórinn tekur fram að það sé ekki tilgangur hans að mæla ólögmatu niðurhali bót en gerir þó ýmsar athugasemdir við lögbannið. Í greininni er hins vegar farið ranglega með staðreyndir og leikmönnum þannig veitt röng sýn á stöðu málsins.

## **Fjarskiptafyrirtækin ekki þvinguð til þess að nota DNS aðferðina**

Það er alrangt að lögbannið þvingi fjarskiptafyrirtækin til þess að beita svokallaðri DNS aðferð, sem framkvæmdastjórinn telur svo skaðlega fyrir Internetið, til þess að loka á aðgengi að vefsíðunum. Skv. lögbanninu hafa fjarskiptafyrirtækin fjálsar hendur með að velja þá aðferð sem þau telja best til þess fallna að framfylgja því. Það er í raun forsenda fyrir lögmati lögbannsins skv. úrskurðum Evrópu-dómstólsins og niðurstöðum Héraðsdóms Reykjavíkur.<sup>1</sup>

Það er einnig misskilningur að barátta réttthafa gegn ólögmatu niðurhali snúist um sekt og sakleysi fjarskiptafyrirtækja. Staðreynd málsins er sú að fjarskiptafyrirtækin hafa tekjur af því að gera viðskiptavinum sínum kleift að flytja gögn og bera einfaldlega, stöðu sinnar vegna, ýmsar skyldur lögum samkvæmt, t.a.m. skyldur sem lúta að því að geyma upplýsingar í tiltekinn tíma, hindra að óviðkomandi komist í gögn og tæki- og að hefta aðgang að ólögmatu efni. Kröfur sem lögbannið leggur á fjarskiptafyrirtækin eru ekki meira íþyngjandi en aðrar skyldur þeirra lögum samkvæmt og eru einfaldlega hluti af starfsumhverfi þeirra.

## **Lögbannið hefur áhrif**

Flestir vita að lögbannið nær ekki að hindra algjörlega aðgang og notkun á vefsíðunum. Það eru engin ný tíðindi að segja frá því. Lögbannið letur samt marga til þess og vekur fólk til umhugsunar. Erlendar rannsóknir staðfesta árangur sambærilegra aðgerða í mörgum Evrópulöndum. Vegna lögbannsins er orðið afar erfitt fyrir íslenska notendur síðnanna að bera við grandleysi, nokkuð sem skiptir máli í höfundarétti og málum sem varða ólögmatu eintakagerð á netinu.

Mjög erfitt er að finna og draga til ábyrgðar þá sem bera ábyrgð á ólöglegu starfsemi, þ.e. þá sem reka síðurnar og þá sem nota þær. Þeir geta auðveldlega falið slóð sína á Internetinu og er sjaldnast hægt að finna á aðgengilegan hátt upplýsingar um hver sé raunverulegur rekstraraðili viðkomandi síðu, enda eru reglur fyrirtækja eins og ISNIC oftast þannig að ekkert eftirlit er haft með því hvort réttar upplýsingar eru gefnar upp við skráningu á nýjum lénom. Þannig hafa ólöglegar alþjóðlegar síður á borð við Putlocker séð sér fært að notast við íslensk lén fyrir starfsemi sína.

<sup>1</sup> Sbr. C-70/10 Scarlet Extended SA gegn Société belge des auteurs, compositeurs et éditeurs SCRL (SABAM) (24. nóvember 2011) og C-314/12 UPC Telekabel Wien GmbH gegn Constantin Film Verleih GmbH, Wega Film produktions gesellschaft mbH (27. mars 2014) og Héraðsdómsmál nr. K- 8 og 9/2013 og E- 3783 og 3784/2015.



TÓMAS JÓNSSON HRL.



Jafnvel þótt hægt sé að finna viðkomandi rekstraraðila er samt sem áður yfirleitt ógerlegt fyrir íslenska réttshafa að framfylgja réttlætinu gagnvart þeim annars staðar á hnettinum. Þetta er einmitt ástæðan fyrir því að sett var sérstakt úrræði um lögbann gegn fjarskiptafyrirtækum í höfundalög. Það er ótrúlegt að framkvæmdastjóri ISNIC láti eins og hann viti ekki af þessari staðreynd og að hann haldi því blákalt fram að réttshafar geti með auðveldum hætti leitað réttar síns gagnvart þeim brotlegu.

### Hagsmunamat

Allir geta tekið undir að umferð á Internetinu eigi að ganga sem hraðast fyrir sig. Það má þó ekki verða á kostnað ríkari hagsmuna, réttinda réttshafa og lífibrauðs þeirra. Þekking framkvæmdastjórans á efninu er ekki dregin í efa en af óskiljanlegum ástæðum kys hann að gera úlfalda úr mýflugu. Lögbannið beinist einungis að tveimur vefsvæðum af rúmum einum milljarði vefsvæða sem má finna á Internetinu. Þau vefsvæði sem lögbannið varðar stunda ólögmeta starfsemi og eru ekkert að fela það. Enginn vill kenna sig við þessa starfsemi og aldrei hefur verið kvartað yfir því að tölvupóstur eða aðrar þjónustur tengdar síðunum hafi lokast vegna lögbannsins. Þá hefur ekki verið bent á eitt einasta dæmi þess að öryggi internetsins hafi verið ógnað vegna lögbannsaðgerðanna. Í öllu falli er fráleitt að bera lögbannið saman við þær ritskoðanir og hindranir á upplýsingaflæði sem viðgangast

í Kína og Norður-Kóreu. Staðreyndin er sú að aðgangur að ólögmaðum torrentsíðum hefur verið heftur í fjölmörgum vestrænum ríkjum sem státa af sama tjáningarfrelsi og hér á landi, þ.m.t. á Norðurlöndum, Frakklandi, Bandaríkjunum, Bretlandi og verulegum fjölda annarra landa. Rétt er að geta þess að Mannréttindadómstóll Evrópu hefur í sambærilegum málum komist að þeirri niðurstöðu að eignarréttindi höfundaréttshafa vega þyngra en réttindi hinna brotlegu til tjáningarfrelsis.<sup>2</sup> Í raun er erfitt að tala um að nokkur höft séu lögð á tjáningarfrelsi þar sem það kvikmyndaefni og tónlist sem um ræðir er aðgengilegt almenningi á fjölmörgum öðrum miðlum, s.s. kvikmyndahúsum, sjónvarpi VOD og mörgum öðrum löglegum efnisveitum.

### Niðurstaða dómstóla

Það hefur ekki enn komið til kasta Hæstaréttar Íslands að kveða á um réttmæti framangreindra lögbannsaðgerða réttshafa hér á landi. En Héraðsdómur Reykjavíkur hefur nú í fjórgang, tveimur dómum og tveimur úrskurðum, staðfest með afgerandi hætti réttmæti aðgerðanna og hafnað fullyrðingum sem eru sambærilegar þeim sem framkvæmdarstjóri ISNIC heldur fram í grein sinni.

[Undirritaður er lögmaður réttthafasamtaka sem berjast gegn ólögmaðri dreifingu höfundarréttarvarins efnis á Internetinu.](#)

<sup>2</sup> Sjá ákvörðun ECHR nr. 40397/2012, Fredrik Neij og Peter Sunde Kolmisoppi gegn Svíþjóð.

# SITJA ALLIR VIÐ SAMA BORD?

Það er meginregla íslensks einkamálaréttarfars að báðir aðilar skuli vera jafnir við meðferð máls fyrir dómi. Nýleg dæmi úr dómaframkvæmd íslenskra dómstóla benda til þess að misbrestur sé á því hvað varðar réttindi til þess að afla sönnunargagna. Neðangreint dæmi kom inn á borð undirritaðs lögmanns.

## Raunhæft dæmi

Lögmaður er að vinna fyrir einstakling sem seldi öðrum hús. Kaupandinn heldur því fram að húsið sé gallað og leggur fram til sönnunar á því skýrslu byggingaverkfræðings sem hann aflaði einhliða án aðkomu gagnaðila og greiddi fyrir það úr eigin vasa, kr. 500.000. Seljandanum er stefnt, hann mótmælir því að skýrslan hafi nokkuð gildi þar sem henni hafi verið einhliða aflað og hann eða hans lögmaður hafi ekki komið nálægt skýrslugerðinni, s.s. með því að koma að athugasemdum sínum vegna matsins eða leggja til annan matsmann. Þegar seljandinn ætlar sjálfur að reyna að sýna fram á að galli sé ekki til staðar, með öflun matsgerðar dómkvaddis matsmanns, telja dómstólar að þar sem skýrslan sé ítarleg og vel úr garði gerð og byggingaverkfræðingurinn vanur að gera slíkar skýrslur um galla á fasteignum, sé þarflaust að afla annars mats og því síður yfirmats. Var niðurstaða dómsins því byggð á matsgerð þeirri sem kaupandi fasteignarinnar aflaði einhliða.

Flestir lögmennt sem framangreint lesa, reka væntanlega upp stór augu. Þetta getur ekki talist eðlilegt í málum er varða galla á fasteign, enda eiga báðir aðilar að hafa sömu möguleika til sönnunarfærslu í slíkum málum og almennt er litið framhjá sérfræðilegum álitserðum sem aflað er einhliða af öðrum aðilanum.

Taka ber fram að framangreint dæmi er að öllu leyti rétt, að frátöldu því að undirritaður þekkir ekki hversu mikið matsmanninum var greitt og þá varðaði málið ekki galla á fasteign heldur sviptingu barnaverndarnefndar á forsjá einstaklings yfir barni sínu. Matsgerðin varðaði því könnun á forsjárhæfni foreldris.

## Dómaframkvæmd Hæstaréttar

Til eru ítrekuð dómafordæmi frá bæði héraðsdómi og Hæstarétti þar sem einstaklingum er meinuð sönnunarfærsla í málum er varða sviptingu á forsjá, til þess að afla matsgerðar frá dómkvöddum matsmanni. Nýlegt dæmi þess efnis er að finna í hrd. 25. nóvember 2015, mál nr. 771/2015. Í málinu lá eingöngu fyrir nýleg skýrsla sálfræðings sem aflað var einhliða af hálfu sveitarfélags þar sem það valdi og greiddi fyrir vinnu sálfræðingsins. Í þessum hæstaréttardómi var byggt á því að umbeðið mat varði sömu efnisatriði og skýrsla sálfræðings barnaverndar, án þess að sýnt væri að veruleg breyting hafi orðið á höfum sóknaraðila. Því sé tilgangslaust til sönnunar um forsjárhæfni að afla nýrrar matsgerðar um sama efni. Vísað var til 3. mgr. 46. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 þessu til stuðnings.

Með niðurstöðu á borð við þessa, sem er langt því frá að vera einsdæmi, er því í raun haldið fram að þeir sálfræðingar sem taki að sér störf fyrir sveitarfélög landsins og kanni forsjárhæfni séu óskeikulir. Engin ástæða sé til þess að draga í efa nokkrar þær niðurstöður sem slíkir sérfræðingar komist að. Með greinarkorni þessu er ekki verið að gagnrýna þá sálfræðinga sem taka að sér slík störf eða halda því fram að þeir komist að niðurstöðum sem þóknanlegar eru viðkomandi sveitarfélagi. Sú hætta er þó auðvitað til staðar, sérstaklega ef stór hluti starfa viðkomandi sálfræðings tengist gerð skýrslna um forsjárhæfni einstaklinga fyrir barnaverndarnefndir. Markmið þessarar umfjöllunar er einfaldlega að vekja athygli á því óréttlæti sem þetta felur í sér fyrir einstaklinga sem alla jafna standa höllum fæti í samfélaginu, t.d. öryrkja, áfengissjúklinga, fíkniefnaneytendur, geðfatlaða og fleiri í sambærilegri stöðu. Þegar krafist er forsjárvsiptingar er í flestum tilvikum reynt að taka af þessu fólki dýrmætustu



FLOSI H. SIGURÐSSON HDL.

réttindi sem það hefur, forsjá barna þeirra. Er um miklu mikilvægari réttindi að ræða heldur en þau hvort leggja eigi fjárkröfu á einhvern eða ekki, t.d. vegna galla á fasteign.

Aðilar eiga að vera jafnir við öflun sérfræðilegra álitsgerða Undirritaður getur ekki skilið hvers vegna aðilar forsjársviptingarmála geta ekki haft sömu réttindi og aðrir til þess að sýna fram á að kröfur þeirra skuli taka til greina fyrir dómi. Munurinn á þessum málum og almennum einkamálum felst í því að þetta eru flýtimeðferðarmál og ættu möguleikar aðila að vera takmarkaðri að tefja málið verulega, s.s. með framlagningu ítrekaðra matsbeiðna og yfirmatsbeiðna. Af dómafrankvæmd Hæstaréttar virðist þó ekki vísað til þessa sjónarmiðs heldur fyrst og fremst að gagnaöflunin sé þarflaus vegna fyrirbyggjandi skýrslu sálfræðings, sem í flestum ef ekki öllum tilvikum er verktaki viðkomandi sveitarfélags. Þá má jafnframt benda á að við gerð skýrslna sálfræðinga er almennt ekkert samráð haft við lögmann matsþolans, hafi matsþolinn yfir höfuð lögmann sér við hlið, hvorki varðandi framkvæmd, gerð eða val á matsmanni. Í einhverjum tilvikum getur lögmaður, ef hann leggur sig sérstaklega eftir því, fengið að taka einhvern þátt í vali á matsmanni en almennt er aðkoma lögmanns að öðru leyti takmörkuð og starfsmenn barnaverndaryfirvalda taka ekki til greina athugasemdir lögmanns varðandi gerð

matsins. Þessu er þveröfugt farið ef gert er dómkvatt mat undir rekstri málsins, hafa þá báðir aðilar sama aðgang að matsmanni, matsmaðurinn er annaðhvort valinn af aðilum sameiginlega eða dómstóllinn velur sjálfur matsmann án aðkomu aðila málsins. Þá geta lögmenn komið að athugasemdum varðandi gerð matsins, hverja rætt skuli við, hvað leggja skuli áherslu á, o.s.frv. Er þetta gert til þess að tryggja hlutleysi matsmannsins við gerð matsins.

#### Úrbóta er þörf

Lausn þessa vandamáls er vandfundin. Einn möguleikinn felst í því að Hæstiréttur víki frá fyrri dómafordæmum í málum í framtíðinni vegna þeirra sjónarmiða sem rakin hafa verið í umfjöllun þessari, en það gerir Hæstiréttur auðvitað endrum og sinnum. Hinn möguleikinn er að lögfesta nýtt ákvæði í barnaverndarlög sem staðfestir rétt málsaðila til þess að afla matsgerðar dómkvadds matsmanns um forsjárhæfni sína, matsmanns sem hefur samráð við báða aðila um framkvæmd matsins, í hverju matið skuli felast, hverja rætt skuli við þegar matið er framkvæmt o.s.frv. Telur undirritaður þó ankannalegt ef lögfesta þarf rétt aðila á tilteknu réttarsviði til þess að njóta réttinda sem eru í samræmi við meginreglur einkamálaréttarfars. Hugsanlega er það þó eina mögulega úrræðið.





TRYGGVI GUNNARSSON UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

# STARFSMANNASKIPTI

Í 3. tbl. 22. árg. Lögmannablaðsins varpar Ragnar Halldór Hall hrl. fram þeirri spurningu hvort „lán“ á starfsmanni umboðsmanns Alþingis til innanríkisráðuneytisins sé lán í óláni. Af því tilefni tel ég rétt að taka eftirfarandi fram.

Hlutverk umboðsmanns Alþingis er ekki aðeins að hafa eftirlit með því að stjórnvöld hafi í störfum sínum fylgt réttum lögum hvað varða efni og meðferð máls heldur einnig að stuðla að umbótum í stjórnsýslunni. Í þessu sambandi má rifja upp að í nefndarálitni allsherjarnefndar við starfsreglur umboðsmanns var lögð áhersla á að embættinu væri ætlað að stuðla að réttarbótum í þjóðfélaginu og treysta rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum.

Í samræmi við þetta hlutverk hefur, þegar aðstæður henta til þess, starfsfólki í stjórnsýslunni boðist að koma til umboðsmanns og starfa þar í ákveðinn tíma með það fyrir augum að það öðlist innsýn í starfsemi embættisins og þau lög og reglur sem almennt reynir á í störfum stjórnvalda. Er þetta liður í því að auka færni og þekkingu viðkomandi starfsmanns á þessum reglum. Af minni hálfu hefur verið lögð áhersla á að viðkomandi starfsmaður snúi

aftur til fyrri vinnustaðar enda er markmiðið að starfsmaðurinn geti þá nýtt það veganesti sem hann hefur fengið hjá umboðsmanni. Með sömu formerkjum hef ég talið heppilegt, þegar aðstæður hjá embættinu leyfa, að starfsfólk mitt hafi tök á því að starfa í skamman tíma innan stjórnsýslunnar og fái til þess leyfi. Á þann hátt getur viðkomandi starfsmaður miðlað þekkingu sinni og reynslu á þeim vinnustað sem hann fer á sem og öðlast innsýn inn í starfsemi viðkomandi stjórnvalds og þær reglur sem helst reynir á í störfum þess.

Það kemur svo í hlut viðkomandi starfsmanns og stjórnanda hans að gæta að hæfisreglum bæði hjá umboðsmanni og viðkomandi stjórnvaldi. Að því er varðar umboðsmann kemur þessu til viðbótar að hafa verður í huga að niðurstöður umboðsmanns er persónulegar niðurstöður þess einstaklings sem gegnir því embætti.

Með hliðsjón af framangreindu er það afstaða mín að þegar vel tekst til í þessum starfsmannaskiptum geti það verið farsælt fyrir alla þá sem hlut eiga að máli.

<sup>1</sup> Sjá Alþt. 1986-1987, A-deild, bls. 3896.

# NOTKUN KVIÐDÓMS Í BANDARÍSKU RÉTTARKERFI

21. september sl. stóðu Lögmannafélag Íslands og Lagastofnun Háskóla Íslands að kynningarfundum um notkun kviðdóms í bandarísku réttarkerfi, uppruna þess og þróun í Hátíðarsal Háskóla Íslands.

Framsaga var í höndum Hon. Francis Wasserman héraðsdómara í Colarado fylki, en hann gengdi áður stöðu aðal-saksóknara í sama fylki. Á ferli sínum hefur Wasserman komið að rekstri fjölda sakamála, ýmist sem saksóknari eða dómari, en einnig gegnir hann stöðu adjunkts við nokkra háskóla í Bandaríkjunum. Wasserman hefur um árabíl flutt fyrirlestra um sakamála-réttarfar í Bandaríkjunum víðsvegar um heiminn.

Í byrjun fundarins var sýndur þátturinn „In the Jury Room“ sem stjórn-varpsstöðin ABC gerði árið 2004 og fjallar um morðmál sem kviðdómur þurfti að taka afstöðu til. Myndin var einkar athyglisverð fyrir þær sakir að Wasserman var saksóknari í málinu. Eftir myndina fjallaði Wasserman síðan um uppruna og þróun á bandarísku réttarkerfi með sérstaka áherslu á sjónarmið er varða kviðdóm.

Fundarmenn fengu innsýn í störf kviðdóms og sköpuðust mjög áhuga-verðar umræður þar sem m.a. var rætt um muninn á norrænu og bandarísku réttarkerfi, hvernig hann endurspeglaðist í réttarframkvæmd ásamt kostum og göllum beggja kerfa.

VÞÞ



## NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

**Sigurður Guðmundsson hrl.**  
Katrínarlind 7, 113 Reykjavík

**Valgerður D. Valdimarsdóttir hrl.**  
Megin lögmannsstofa, Skipholt 50d, 4. hæð, 105 Reykjavík

**Finnur Magnússon hrl.**  
Juris lögmannsstofa, Borgartún 26, 105 Reykjavík

**Magnús Óskarsson hrl.**  
Lögmað ehf., Skólavörðustígur 12, 101 Reykjavík

**Ebba Schram hrl.**  
Embætti borgarlögmanns, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík

## NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

**Pórunn Ólafsdóttir hdl.**  
Nordik legal, Skólavörðustígur 12, 101 Reykjavík

**Marta Guðrún Blöndal hdl.**  
Viðskiptaráð Íslands, Borgartún 35, 105 Reykjavík

**Kolbrún Arnardóttir hdl.**  
Bonafide lögmennt, Klapparstígur 25-27, 101 Reykjavík

**Erla Guðrún Ingimundardóttir hdl.**  
Landslög lögfræðistofa, Borgartún 26, 105 Reykjavík

**Claudia Ashonie Wilson hdl.**  
Réttur - Adalsteinsson & Partners, Klapparstígur 25-27, 101 Reykjavík

**Hulda Katrín Stefánsdóttir hdl.**  
KPMG, Borgartún 27, 105 Reykjavík

**Pórunn Pálína Jónsdóttir hdl.**  
Lögmannsstofan Lagarök, Síðumúli 27, 108 Reykjavík

## ENDURÚTGEFIN LÖGMANNSRÉTTINDI

**Áslaug Björgvinsdóttir hdl.**  
Hvassaleiti 75, 103 Reykjavík

**Dóra Sif Tynes hdl.**  
Advel lögmennt slf., Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík

**Stefán Bjarnason hdl.**  
Sæviðarsund 27, 104 Reykjavík

**Sveinn Gíslason hdl.**  
Sólkerfi ehf.  
Hraunteigur 30, kjallari. 105 Reykjavík

**Svanhildur Anna Magnúsdóttir hdl.**  
Suðurlandsbraut 18, 08 Reykjavík

**Jóhannes Stefánsson hdl.**  
Icelandair Group, Reykjavíkurlugvöllur, Reykjavík

**Kári Valtýsson hdl.**  
Fulltingi, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík

## NÝR VINNUSTADUR

**Kristján Þorbergsson hrl.**  
Þorbergsson og Loftsdóttir sf., Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík

**Vala Valtýsdóttir hdl.**  
Lögfræðistofa Reykjavíkur, Borgartún 25, 105 Reykjavík

**Oddur Þórir Þórarinnsson hdl.**  
Medical law ehf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík

**Daði Ólafur Eliasson hdl.**  
Arion banki, Borgartún 19, 105 Reykjavík

**Garðar G. Gíslason hrl.**  
ius lögmannsstofa ehf., Smáratorg 3, Turninn, 17. hæð, 201 Kópavogur

**Þórir Skarphéðinsson hdl.**  
Atlantik Legal Services ehf., Höfðatorgi, 12. hæð, 105 Reykjavík

**Sigurður Guðmundsson hrl.**  
Katrínarlind 7, 113 Reykjavík

**Sigurður Árnason hdl.**  
SSA legal ehf., Furugrund 24, 200 Kópavogur

**Andri Valur Ívarsson hdl.**  
Bragagata 22, 101 Reykjavík

**Anna Birgit Ómarsdóttir hdl.**  
Sjúkratryggingar Íslands, Rauðarárstígur 10, 150 Reykjavík

**Guðni Jósep Einarsson hdl.**  
Juvo lögmennt, Skólastræti 5, 101 Reykjavík

**Þorgils Þorgilsson hdl.**  
Juvo lögmennt, Skólastræti 5, 101 Reykjavík

**Árnný Sigurbjörg Guðjónsdóttir hdl.**  
Land lögmennt, Smáratorgi 3, 201 Kópavogur

**Eleonora Bergþórsdóttir hdl.**  
ius lögmannsstofa ehf., Smáratorg 3, Turninn, 17. hæð, 201 Kópavogur

**Þórir Hallgrímsson hdl.**  
Skeifan fasteignamiðlun, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík

**Þorsteinn Yngvason hdl.**  
Smárin fasteignamiðlun, Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur

**Arna Pálsdóttir hdl.**  
Tryggingamiðstöðin hf., Síðumúla 24, 108 Reykjavík

**Heiðrún Lind Marteinsdóttir hdl.**  
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Borgartún 35, 105 Reykjavík



**Guðbrandur Jóhannesson hdl.**

**Jónas Örn Jónasson hdl.**

Lögmenn Kirkjutorgi, Kirkjutorgi 6, 101 Reykjavík

**Guðríður Svana Bjarnadóttir hdl.**

Marorka ehf., Borgartún 26, 105 Reykjavík

## NÝTT AÐSETUR

**Steinbergur Finnbogason hdl.**

Lögmenn við Arnarhól

Borgartún 24

105 Reykjavík

**Jóhannes Ásgeirsson hrl.**

Lögmannsstofa Jóhannesar Ásgeirssonar,

Skólavörðustígur 6b, 101 Reykjavík

**Birgir G. Magnússon hdl.**

**Ingibjörg Ingvadóttir hdl.**

**Linda B. Bentsdóttir hdl.**

**Pétur F. Gíslason hdl.**

Lögmenn Kópavogi, Bæjarlind 2, 201 Kópavogur

**Gylfi Jens Gylfason hdl.**

LGG ehf., Vegmúli 4, 108 Reykjavík

**Óskar Hrafnsson Bjarnasen hdl.**

Bæjarlind 14-16, 3. hæð, 201 Kópavogur

**Porgeir Þorgeirsson hdl.**

Lögmenn Borgartúni, Borgartún 27, 105 Reykjavík

**Eva Dóra Kolbrúnardóttir hdl.**

EVA Lögmenn, Borgartún 24, 105 Reykjavík

**Berglind Jónasardóttir hdl.**

Skipagata 16, 600 Akureyri

**Arna Sigurjónsdóttir hdl.**

**Ásta Kristjánsdóttir hdl.**

**Hallmundur Albertsson hdl.**

**Haraldur Flosi Tryggvason hdl.**

**Stefán Árni Auðólfsson hdl.**

**Tómas Hrafn Sveinsson hrl.**

LMB lögmenn slf., Bergþórugata 55, 101 Reykjavík

**Egill Stephensen hrl.**

**Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl.**

**Steinunn Pálmadóttir hdl.**

JP lögmenn, Turninn, Smáratorg 3, 201 Kópavogur

**Guðjón Ólafur Jónsson hrl.**

Bonafide lögmenn, Klapparstígur 25-27, 101 Reykjavík

**Bjarni Stefánsson hdl.**

Nýbýlavegi 8, 200 Kópavogur

**Sigurður Tómas Magnússon hrl.**

Sigurjónsson & Thor, Lágmúla 7, 108 Reykjavík

Andri Árnason hrl.

Edda Andradóttir hrl., LL.M.

Finnur Magnússon hrl., LL.M.

Halldór Jónsson hrl.

Lárus L. Blöndal hrl.

Sigurbjörn Magnússon hrl.

Simon David Knight

Stefán A. Svensson hrl., LL.M.

Vífill Harðarson hrl., LL.M.

# juris

Borgartúni 26  
IS 105 Reykjavík  
+354 580 4400  
[www.juris.is](http://www.juris.is)

# Finndu réttu kortið fyrir þig



## Fagleg ráðgjöf og góð þjónusta

Kreditkort gefur út MasterCard og American Express kort beint til viðskiptavina og við gerum okkur vel grein fyrir því að sama kortið hentar ekki öllum. Það er þess vegna sem við bjóðum upp á svona marga ólíka valkosti og þess vegna er það hjá okkur sem þú finnur rétta kortið fyrir þig.

Kynntu þér kostina á [kreditkort.is](http://kreditkort.is)

**KREDITKORT**

Kreditkort Ármúla 28 108 Reykjavík 550 1500 [kreditkort@kreditkort.is](mailto:kreditkort@kreditkort.is) [kreditkort.is](http://kreditkort.is)